



VINNUMAÐUR BANAR BARNSHAFANDI VINNUKONU BAKSÝNSSPEGILLINN 16
KÆFD MED VETTLINGI OG FLEYGT Í SVARTÁ



GARÐURINN - HAMINGJUREITUR HEIMILISINS FYLGIÐLAB
FYLGIR MED MANNLÍFI



„ÉG ÆTLA EKKI AÐ ÞEYJA“ SAMFÉLAGIÐ 5
- DÆMDUR NAUÐGARI Á GÖTUM REYKJAVÍKUR



HIMINHÁTT MATARVERÐ HREKUR ÖRYRKJA ÚR LANDI NETTENDAMÁL 14
KJÖTIÐ FJÓRFALT ÓDÝRARA Á SPÁNI

MANNÍF

ÓKEYPIS EINTAK

Dularfullt hvarf 19 fósturvísa

„Rökstuddur grunur um misferli“

Hjónin Hlédís Sveinsdóttir og Gunnar Arnason krefjast rannsóknar

*Sjúkraskrá Hlédísar breytt
Fjöldi óútskýrðra heimsókna
Leituðu til erlendra sérfræðinga
Krefjast DNA-rannsóknar vegna tveggja barna
Tilkynnt til lögreglu*



**Útfararþjónusta
Rúnars Geirmundssonar**

Stofnað 1990

Traust fjölskyldufyrirtæki í áratugi

Sími · 567 9110 · utfarir@utfarir.is · www.utfarir.is

FRÍ

Frí ráðgjöf.

Frí kostnaðaráætlun.

Frí skutla til og frá flugvelli.

Tannviðgerð sársaukaFRÍ.

Frí ... já, frí á fjögurra stjörnu hóteli steinsnar frá miðborg Búdapest með öllum þeim dásemdum sem sú fallega borg hefur upp á að bjóða.

Heimsókn á Íslensku klíníkinu í Búdapest er ferð til fjár og bættrar tannheilsu.

Íslenska klíníkin er í eigu þriggja Íslendinga, Hjalta Garðarssonar, Hrafnhildar Sigurðardóttur og Hauks Hjaltasonar, sem keyptu tannlæknastofuna vorið 2021.

Ungverjar eru þekktir fyrir góðar tannlækningar og landið lengi verið miðstöð lækninga og heilsu. Margir Íslendingar hafa stundað læknisnám þar með góðum árangri.

Gæði eru okkar hjartans mál og við notum aðeins hágæða búnað og frábært starfsfólk með verulega framhaldsmenntun.

Stofan er með ISO-vottun og okkar þjónusta er samþykkt af Sjúkratryggingum.

Við uppfærum stöðugt tæki og tækni og leitumst við að vera ávallt fremst meðal jafninga!



islenskaklinikin.is



Í GÓÐUM MÁLUM



Í SLÆMUM MÁLUM



Íslenskt kvikmyndagerðarfolk er í mjög góðum málum enda blómstrar kvikmyndabransinn á Íslandi. Nú þegar hafa fimm íslenskar kvikmyndir verið frumsýndar á árinu og fimm aðrar áætlaðar í sýningu, til viðbótar á árinu. Með þessu jafnar íslenskt kvikmynda-gerðarfolk metið yfir frumsýndan fjölda kvikmynda á einu ári, en árið 2011 voru einnig sýndar 10 íslenskar kvikmyndir. Fjórar kvikmyndir í viðbót verða mögulega kláraðar á árinu og frumsýndar, þannig að mögulega fellur metið. Þá eru alls 10 kvikmyndir sýndar

á kvikmyndahátíðum um heiminn á árinu, en kvikmyndirnar eru ekki allar frá þessu ári. Fimm stuttmyndir eru einni til sýningar á alþjóðlegum kvikmyndahátíðum á árinu. Þá er einnig mjög bjart yfir sjónvarpsbransanum, því fimm leiknar þáttaraðir verða sýndar, þar af ein teiknimyndasería sem mun einnig herja á erlendan markað. Þannig að unnenndur íslenskra kvikmynda og þáttaraða ættu að vera vel fullnægðir og ánægðir þetta árið.

Grunn- og leikskólar á Íslandi eru í slæmum málum. Nei, ég er ekki að tala um niðurstöður PISA-könnunarinnar, yfirvofandi verkfall kennara eða slæm laun leikskólakennara, en allt þetta mætti nefna. Nei, ég er að tala um heilsu-spillandi myglu en hver skólinn á fætur öðrum greinist nú með þennan vágast, eins og Domino-kubbar, einn af öðrum. Á höfuðborgarsvæðinu hefur greinst mygla í fjölmörgum grunnskólum að undanförunu, en það eru þeir Hagaskóli, Laugalækjarskóli, Laugarnesskóli, Fossvogsskóli, Kópavogsskóli og Ártúnskóli. Þá hafa sex leikskólar greinst með myglu, en það eru Sunnuás, Vesturborg, Lækjarborg, Furuskógur, Kvistaborg og Grandaborg.

Þá hefur einnig greinst mygla í Grunnskóla Ísafjarðar, Grunnskólanum að Kleppjárnreykjum og í Þjórsárskóla, svona svo einhverjir séu nefndir.

Listinn er allveg örugglega ekki tæmandi.

Ef lausnin gegn myglu væri einföld og fælist bara í því að þrifa burt mygluna og skipta um nokkrar fjálar væru skólarnir ekkert í slæmum málum, en því miður er málið flóknara. Tökum sem dæmi Fossvogsskóla, en af honum hef ég persónulega reynslu. Þar kom myglan upp hvað eftir annað og virtist jafnvel elta starfsfólkið og nemendur skólans því mygla greindist einnig í Korpuskóla, en þangað voru nemendur færðir til að byrja með. Sennilega var það einungis óheppni. Mygluvennið í Fossvogsskóla hefur nú staðið yfir í um þrjú ár og kostað yfir einn og hálfan milljarð króna. Sennilega er best að gera eins og Kópavogsbær gerði við Kársnesskóla, sé myglan mikið dreifð um skólana, en skólinn sá var jafnaður við jörðu og annar byggður í staðinn. Sá er laus við myglu.



Samfélagið
 Gunnhildur Kjeruð Birgisdóttir



Dæmdur fyrir nauðgun og fleiri sögur koma fram: „Hann tók stjórnina af mér þessa nótt“

„Ég vil bara vara aðrar konur við þessum manni. Mig langar til að gera það sem ég get til þess að koma í veg fyrir að hann meiði einhvern aftur.“

Þetta segir kona sem varð fyrir nauðgun í mars árið 2019. Gerandinn var sakfelldur fyrir brotið í Landsrétti í febrúar síðastliðnum, en rétturinn staðfesti dóm Héraðsdóms Reykjavíkur yfir honum.

Brotapoli þekkti manninn ekki og gat enga björg sér veitt sökum ölvunarástands og svefn-drunga.

Nafn mannsins var birt í dómi Landsréttar. Hann heitir Augustin Dufatanye en er betur þekktur undir nafninu Auggie Duffy. Hann hefur verið virkur í barsenu Reykjavíkur um árabíl, rekið kaffihús og komið fram í fjölmiðlum.

Hann gengur ennþá laus og hefur samkvæmt heimildum óskað eftir því að áfrýja málinu til Hæstaréttar. Brotapoli lýsir þeim kvíða og óöryggi sem því fylgir að fá litlar sem engar upplýsingar um gang málsins, né þá heldur um það hvenær sá sem braut á henni komi til með að hefja afplánu. Hún hefur þurft að bera sig eftir öllum upplýsingum upp á eigin spýtur og er orðin uppgefin. Konan segist geta átt von á því að mæta honum hvar og hvenær sem er; hún sé aldrei óhult. Nýverið sá hún Auggie Duffy á gangi fyrir utan vinnustað hennar og fann fyrir miklum einkennum áfallastreitu í kjölfarið. Hún lokaði sig inni á vinnustaðnum um langa hríð og þorði ekki út.

Eftir að dómur Landsréttar var birtur hafa fleiri sögur um manninn tekið að líta dagsins ljós, meðal annars á samfélagsmiðlum. Mannlíf hefur rætt við nokkra þeirra einstaklinga sem hafa sögur að segja af meintri hegðun Auggie Duffy og mála þeir vitnisburðir dökka mynd af manninum. Þeir

aðilar sem blaðamaður Mannlífs ræddi við hafa óskað eftir nafnleynd. Sumir þeirra segjast óttast manninn.

Þriggja ára barátta
 Þegar blaðamaður sest niður með konunni sem Auggie Duffy var dæmdur fyrir að brjóta á kynferðislega, er strax ljóst að um er að ræða konu uppfulla af baráttuvilja, þrátt fyrir þá þrekaun sem hún hefur þurft að ganga í gegnum. Þrekaun sem enn hefur ekki tekið enda.

Hún segist vilja segja sögu sína til þess að vara sem flestar konur við manninum sem um ræðir.

Síðustu þrjú ár í lífi konunnar hafa einkennst af baráttu í gegnum lögreglurannsókn og tvö dómsstigi, með allri þeirri óvissu, streitu og álagi sem því fylgir. Hún lýsir því hvernig henni þykir ekki styðja við þolendur og upplýsingaleysið sem fylgi því að vera vitni í sínu eigin nauðgunarmáli valdi mikilli sálarangist og óöryggi.

Konan er af erlendum uppruna en hefur verið búsett á Íslandi um nokkra hríð.

Konan kys að koma ekki fram undir nafni. „Það er ekki vegna þess að hann meggi ekki vita að ég sé að segja söguna mína; hann mun augljóslega vita það. Það er ekki heldur vegna þess að ég vilji ekki að fólk átti sig á því hver ég er. Þeir sem þekkjast til málsins munu vita það, að þetta sé mín saga. Ég vil bara ekki að nafnið mitt verði samhliða hans nafni á netinu. Að ef fólk gúggli mig eða hann verði ég alltaf tengd honum og því sem hann gerði. Ég verð að fá að hafa stjórn á því. Það skiptir mig miklu máli í þessu öllu. Vegna þess að hann tók stjórnina af mér þessa nótt.“

Eftirlitsmyndavélar skiptu sköpum
 Kvöldið sem breytti lífi konunnar til frambúðar var í mars árið 2019. Henni hafði verið boðið í mat og drykk með samstarfsfélagi sínum frá því klukkan 12 um daginn. Allan daginn bauð samstarfsfélaginn upp á drykki og þau skemmtu sér vel.

Konan fór mjög sjaldan út að skemmta sér, þar sem hún átti tvö ung börn á þessum tíma. Þennan dag átti því að sletta ærlega úr klaufunum og njóta þess út í ystu æsar. Þegar liðið var fram á kvöldið var konan orðin mjög ölvuð og hafði flakkað með samstarfsmanni sínum á milli bara, þar sem þau hittu vini og vandamenn.

Þau voru stödd á bar í miðbæ Reykjavíkur þegar hún hitti Auggie Duffy í fyrsta skipti, manninn sem dæmdur var fyrir að brjóta gróflega á henni kynferðislega um nóttina.

Upptökur eftirlitsmyndavéla úr miðbæ Reykjavíkur reyndust meðal mikilvægra gagna sem leiddu til sakfellingar Auggie. Þær sýna að fyrsta skipti sem konan átti samskipti við hann hafi verið upp úr klukkan 22 um kvöldið á barnum. Þá var hún augljóslega orðin mjög drukkin. Hann var einsamall.

Upptökur sýna konuna ganga um, dansa og tala við fólk á barnum. Hún leggur töskuna sína á gólf, nálægt stól þar sem Auggie situr. Það sýnir hve ringluð hún er orðin á þessum tímabili, að hún er nokkrum sekúndum síðar búin að gleyma því hvað hún gerði við töskuna.

„Ég er þarna gangandi um að leita, þegar hann grípur í mig og sýnir mér töskuna. Ég tala þá við hann í smá stund, því hann er náttúrulega búinn að aðstoða mig þarna. Samkvæmt bæði upptökunum og barþjónum á staðnum var ég mjög drukkin, spjallandi við alla og svoléiðis.“

Á upptökunum sést konan síðan taka töskuna sína, fara út og yfir götuna á annan bar.

„Ég fer á þann bar, vegna þess að vinur minn var að vinna þar. Hann sést fara þangað líka. Ég panta mér vínglas á barnum og svo er hann augljóslega kominn þarna til mín, svo ég panta viski handa honum. Þetta voru einu drykkirnir sem ég pantaði yfir allan þennan dag. Fram að þessu hafði samstarfsmaður minn greitt fyrir allt.“

Reyndi að fá hana burt með sér

Barþjónninn á seinni barnum lýsti því síðar fyrir konunni og dómmum að á þessum tímarnum hefði Auggie þegar verið farinn að reyna að fá hana með sér í burtu frá vinum hennar.

„En ég var mjög ákveðin og sagðist ekki ætla að gera neitt slíkt.“

Eftir þetta fór konan aftur á fyrri barinn og Auggie síðan einhverju síðar. Hún segir að einhver tími hafi liðið þar sem hún var á barnum en að svo í kringum klukkan 1 eftir miðnætti sjáist hún á upptökunum reyna með erfðismunum að klæða sig í kápunna sína. Hún talar við samstarfsmann sinn og sést því næst yfirgefa barinn.

„Ég verð augljóslega mjög ringluð þarna fyrir utan, held ennþá á drykk og kem síðan aftur inn á barinn.“

Hún segist ekki muna neitt af þessum atburðum, heldur sé þetta eitthvað sem hún hafi séð á öryggismyndavélunum, sem og hlutir sem lögreglan hafi sagt henni frá.

„Síðan fer ég aftur yfir á seinni barinn og það sést hvað ég er ölvuð, ég missi töskuna mína, hrasa út um allt og svoleiðis. Síðan fer ég út aftur vegna þess að vinur minn bendir mér á leigubíl og segir mér að taka hann.“

Konan nær augljóslega ekki að koma sér í leigubílinn. Þá sést hvar Auggie kemur út af fyrri barnum og gengur til hennar.

„Hann kemur og gefur mér fimmu. Þarna er hann búinn að gera undirbúningsvinnuna með því að kynna mér örlítið, bara nóg til þess að hann sé ekki alveg ókunnugur. Þannig að hann sé góði gæinn.“

Auggie segir eitthvað við konuna og eftir það fara þau á þriðja barinn, sem konan segist annars aldrei hafa farið á.

Konan sést koma út af barnum þegar hann lokar, ráfandi fram og til baka, talandi við hinn og þennan. Hún sést síðan fara aftur inn á barinn en henni er vísað út.

„Þá kemur hann til mín og segir eitthvað við mig. Ég sést rása þar sem ég geng með honum burt. Eftir þetta hverfum við úr sjónmáli. Við vitum í raun ekki nákvæmlega hvað gerist eftir það.“

Vaknaði í ókunnugri íbúð

Konan rankaði næst við sér í kringum klukkan 5 um morguninn. „Þá var hann að nauðga mér. Þetta er allt í mikilli móðu. Ég held að ég hafi dottið út aftur, en ég vaknaði síðan einhverju síðar og áttaði mig. Ég fór að leita að dótinu mínu og var þarna í íbúðinni hans, æpandi: Hvar er maðurinn minn? Hvar er maðurinn minn?!“

Þá barst mér rödd úr öðru herbergi, þaðherbergi eða eitthvað svoleiðis: Ertu gift? Sem mér þótti bara... Undarlegt. Mér tókst að finna allt dótið mitt og hljóp síðan niður stigan í húsinu og út.“

Þegar út var komið sendi konan eiginmanni sínum skilaboð í snatri, þar sem hún sagðist ætla að hringja á leigubíl en að hún vissi ekki hvar hún væri. Eftir að hafa athugað kort í símanum pantaði hún bílinn. Hún var stödd fyrir framan hús í nágrenni við Kringluna.

Auggie Duffy leigði herbergi í umræddri íbúð á sínum tíma. Íbúðin er í Stigahlíð.

Konan man nánast ekkert eftir ferðinni heim í leigubílnum. Eiginmaður hennar tók á móti henni þegar heim var komið, spurði hana hvar hún hefði verið og hvort það væri í lagi með hana.

„Hann var bara áhyggjufullur. Ég hef alveg farið út að skemmta mér áður en ég kem alltaf heim. Við erum búin að vera saman í meira en 10 ár. Hann spurði mig síðan hvað hefði komið fyrir og ég svaraði: Ég veit það ekki, en það hefur eitthvað slæmt gerst.“

Eiginmaður hennar fór strax með börn þeirra heim til foreldra sinna og sagði henni að leggjast upp í rúm; þau myndu tala saman þegar hann kæmi til baka. Þegar hann sneri aftur spurði hann hvað hún héldi að hefði komið fyrir.

„Á meðan hann var í burtu fór mér að verða ljóst hvað hefði gerst. Þetta var hræðilegt. Þetta var bara algjörliga hryllilegt. Maðurinn minn sagði mér að fara ekki í sturtu eða gera neitt. Við myndum finna út úr þessu.“

Eiginmaður hennar hringdi niður á lögreglustöð og þar var þeim sagt að fara á neyðarmóttökuna, starfsfólkið þar myndi vita af komu þeirra.

Konan heyrði ekki af því fyrr en lækirinn sem hafði skoðað hana á neyðarmóttökunni var búinn að bera vitni í dómsmálinu, en áverkar á kynfærum hennar þóttu þess eðlis að ólíklegt var að um eðlilegt kynlíf með samþykki hefði verið að ræða. Leggöngin höfðu augljóslega verið þurr og konan var aum, með rispur og sprungur í kringum kynfæri.

„Eftir þetta þurftum við að fara á lögreglustöðina, svo hægt væri að taka af mér skýrslu.“

Lagðist í eigin rannsóknarvinnu

Lögreglan hafði ekki upp á Auggie í tvær vikur eftir þetta. Konan vissi ekki hver hann var og lögregla þurfti tíma til þess að fara yfir og greina myndefni úr eftirlitsmyndavélunum. Einnig var rætt við þá sem höfðu unnið umrætt kvöld á fyrsta ofangreinda barnum, en þeir aðilar báru kennsl á manninn þegar þar að kom og lögðu sig fram við að aðstoða við rannsókn málsins.

Meðan á þessu stóð fékk konan ekki aðgang að neinum upplýsingum. „Vegna þess að ég er bara vitni í mínu eigin máli. Ég var kölluð inn í aðra skýrslutöku um það bil tveimur vikum síðar. Þar sýndu þau mér myndbönd úr eftirlitsmyndavélunum og spurðu hvort ég kannaðist við þennan mann. Ég gerði það ekki og sagði þeim að ég hefði talað við svo marga þetta kvöld.“ Þá var henni sagt frá því sem lögregla hafði séð á upptökunum.

Á þessum tveimur vikum lagðist konan í sína eigin, itarlegu rannsóknarvinnu.

„Mig langaði bara til þess að skilja hvað hafði komið fyrir mig. Ég hafði samband við alla sem ég gat hafa hitt þetta kvöld, ég hafði samband við barþjóna og svo fór ég í gegnum öll forrit í símanum mínum fyrstu 24 dagana á eftir, til þess að sjá hvort það væru einhver gögn þar. Hvert gekk ég? Hvar nam ég staðar? Allt svona. Það reyndist heppilegt að ég er með forritið Find my friends -“

við erum svona Find my friends fjölskylda. Þannig vissi maðurinn minn nákvæmlega hvar ég hafði verið en hann hafði auðvitað bara gert það fyrir því að ég væri í partíi eða eitthvað slíkt. Það var vissulega ólíkt mér, því ef ég fór einhvern tíma út að skemmta mér þá fór ég á nokkra bari og kom síðan heim. Ég hef aldrei farið í partí í heimahúsi á Íslandi. Þannig að það hefði verið út úr karakter, en hann hugsaði sem svo að hann vildi bara leyfa mér að njóta kvöldsins.“

Fyrsta málið þar sem smáforrit ýna fram á sekt

Gögn úr smáforritum í síma konunnar áttu eftir að verða afar mikilvæg sönnunargögn í máli hennar. Um er að ræða fyrsta málið þar sem gögn úr smáforritum snjallsíma hafa verið notuð til þess að sanna að sakborningur sé ekki að segja satt og rétt frá.

Það að fólk geti nýtt gögn úr símu sínum með þessum hætti eru mikilvæg upplýsingar sem þurfa að ná til sem flestra. Það gæti skipt sköpum, eins og í þessu tilfalli.

Gögnin úr forritunum í síma konunnar sýna að hún yfirgaf miðbæ Reykjavíkur um klukkan 1:30 eftir miðnætti. Hún fór út úr húsinu í Stigahlíð í kringum klukkan 6 um morguninn. Það þýðir að hún var stödd í íbúðinni í um fjóra og hálf klukkustund, meðvitundarlaus eða með skerta meðvitund sökum ölvunarstands.

Gögnin sýna líka að leiðin úr miðbænum og á áfangastað tók um sex mínútur og var því augljóslega farin á bil. Einnig kemur fram nákvæmt heimilisfang þess staðar sem konan var stödd á yfir þetta tímabil umrædda nótt.

Heilsugögnin úr símanum sýna líka þau skref sem konan tók. Það átti eftir að skipta öllu máli. Þar sjást þau skref sem hún tók þegar hún var á ferð um barinn, þegar hún gekk yfir götuna til þess að fara á annan bar og síðan þegar hún gekk á síðasta bar kvöldsins og þann tíma sem hún eyddi þar. Eftir það eru engin skref tekin fyrr en um morguninn, þegar hún fór niður stigan í ókunnuga húsinu sem hún hafði vaknað í. Að lokum sést hvar hún gekk upp tröppurnar að sínu eigin húsi þegar heim var komið.

Þessi gögn þóttu meðal annars varpa ljósi á það að hún hefði sannarlega verið meðvitundarlaus umrædda nótt, á meðan sá sem hafði með einhverju móti komið henni með sér heim, hafði brotið á henni. Auk þess sést hvernig hún fór upp um hæðir í íbúðarhúsinu sem Auggie fór með hana í. Það sést hins vegar líka skýrt að hún tók engin skref upp tröppur á meðan hún ferðaðist smám saman upp hæðirnar. Það gæti bent til þess að hún hafi verið borin eða dregin meðvitundarlaus upp stigan. Áverkar sem voru á henni, meðal annars marblettir víðsvegar um líkama hennar, renna stoðum undir þetta.

Annað forritana sem um ræðir er Significant locations, sem er sjálfkrafa inni í iPhone snjallsíminum og má finna í gegnum stillingar. Það sýnir þá staði sem þú hefur oft verið á, hve oft þú hefur verið þar og þar fram eftir götunum. Ef þú hefur aðeins komið einu sinni á ákveðinn stað helst sú merking inni í afmarkaðan tíma áður en aðrar staðsetningar koma í staðinn.

Hitt forritið er Health, þar sem hægt er að fara í gegnum ótal gögn er varða heilsu, til að mynda gengin skref, upphækkun og fleira. Forritið varðveitir gögn töluvert aftur í tímann sem síðan er hægt að skoða af talsverðri nákvæmni út frá tímasetningu.

Heitir og kaldir gæðapottar ásamt miklu úrvali af fylgi- og aukahlutum fyrir pottinn og pottaferðina



Nú eigum við okkar vinsælustu potta til á lager!



Geirslaug 279.000 kr. Snorrulaug 299.000 kr. Gvendarlaug 189.000 kr.



Unnarlaug 310.000 kr. Sigurlaug (kaldi potturinn) 135.000 kr. Grettislaug 259.000 kr.

Algjör slökun!

NORMX

Auðbrekku 6 · Kópavogi · Sími 565 8899 · normx.is

Við hjá NormX höfum framleitt heita potta fyrir íslenskar aðstæður í yfir 40 ár. Við bjóðum fjölda gerða og litá samt öllu því sem tilheyrir til að koma sér upp glæsilegum heitum potti á verði sem kemur skemmtilega á óvart.

Opið mánud. - fimmtud. 10 - 18 og föstud. 10 - 17

Framburður tók miklum breytingum

Konan man enn þann dag í dag ekki hvernig hún komst úr miðbænum og í íbúðina í Stigahlíð.

„Ég hef bara fengið eitt flashback þar sem ég er stödd á bílastæði, á einhverjum tímupunkti. En hvort það er bara heilinn að gabba mig veit ég ekki.“

Hún fékk ekki að vita nafn mannsins sem hafði nauðgað henni fyrr en formleg ákæra var gefin út. Brotið átti sér stað í mars árið 2019 en ákæran var ekki gefin út fyrr en í janúar árið 2021, næstum tveimur árum síðar.

Málið var tekið fyrir í Héraðsdómi Reykjavíkur í maí 2021.

Saga Auggie Duffy var allt önnur en saga konunnar, sem og í hrópanði misræmi við bæði gög्न úr eftirlitsmyndavélum og símanum.

„Fyrst þegar hann var yfirheyrður sagðist hann aldrei hafa hitt mig og að hann hefði ekki hugmynd um hver ég væri. Hann sagðist eiga kærustu og furðaði sig á því að verið væri að ásaka hann um eitthvað þessu líkt.“

Eftir að lögreglan hafði upplýst hann um að upptökur úr eftirlitsmyndavélum sýndu að hann hefði sannarlega hitt hana og þau verið saman þetta kvöld, mundi hann skyndilega eftir henni en sagði þau bara hafa átt í samræðum á barnum.

„Þá var hann spurður að því hvers vegna ég hefði þá vaknað í þessari íbúð, þar sem dótið hans væri. Þá sagði hann að ég hefði raunar komið með honum heim, að við hefðum gengið saman og talað um stjórnmal. Hann sagðist hafa haft áhuga á því sem ég hafði að segja, vegna þess að hann hafi verið hrifinn af hreimnum mínum. Hann hélt því fram að við hefðum aldrei farið inn í íbúðina hans og sagði okkur einungis hafa setið úti á tröppunum að tala saman í marga klukkutíma. Samkvæmt honum hafi ég verið í símanum mínum, að senda vinnu mínum skilaboð og að reyna að hringja á leigubíl. Sem er auðvitað bara bull og símagögnin sanna það.“

Þegar Auggie var spurður að því hvort eitthvað kynferðislegt hefði átt sér stað þvertók hann fyrst fyrir það. Hann var síðar tilbúinn til þess að gangast við því að eitthvað kynferðislegt hefði átt sér stað, en hann neitaði því þó að hafa haft samfarir við konuna. Enn þann dag í dag heldur hann því fram að það hafi aldrei gerst; hvað þá að hann hafi nauðgað henni.

„Hann sagði okkur aldrei hafa stundað kynlíf, heldur hefðum við setið á ganginum allan tímann að tala saman og að ég hafi síðan leitt hann niður í kjallara hússins. Hann heldur því ennþá fram að við höfum aldrei farið inn í íbúðina. Hann segir að í kjallaranum hafi ég framkvæmt allskonar kynferðislegar athafnir á honum.“ Auggie hefur lýst því að hafa fengið sáðlát, meðal annars á hendur sínar.

„Hann segist síðan hafa stungið fingrunum á sér inn í mig og að það sé líklega þannig sem sæði hans hafi komist þangað.“

Auggie taldi sig geta sannað það að konan hefði aldrei komið inn í íbúðina með því að fullyrða að hann væri með samkomulag við meðleigjanda sinn um að engir gestir mættu koma með honum þangað án þess að hann léti vita fyrirfram. Ennþá heldur hann sig við þá skýringu að sæði hans hafi komist inn í konuna þegar hann hafi stungið fingrunum sínum inn í leggöng hennar.

Auk allra þeirra framangreindu gagna sem hrekja frásögn Auggie, sást á síma konunnar að hún hefði sannarlega ekki átt í skilaboðasamskiptum

við neinn á þessum tíma né reynt að hringja í leigubíla, eins og hann hefur haldið fram.

Frásögn hans fyrir dómi af fyrstu kynnum þeirra og því hvernig þau hefðu komist í Stigahlíð var á þá leið að þau hefðu hittst, farið á hinn barinn og að konan hafi gefið henni undir fótinn.

„Hann segir að við höfum gengið úr miðbænum og heim til hans. Það var hálsa á götunum þetta kvöld og ég var í skóm sem voru bara ómögulegir, sem ég hefði alls ekki getað gengið á úti í 50 mínútur. Jafnvel þótt ég hefði verið í eðlilegu ástandi hefði það tekið 45 mínútur, hvað þá þegar ég hafði verið að drekka í 13 klukkutíma. Þetta voru hælaskór sem voru alveg opnir, engin bönd eða neitt slíkt, þannig að ég var alltaf að missa þá af mér.“

Var lengi að fara skrefalaust upp stiga

Annað mikilvægt sem kemur fram í heilsugöngnum í síma konunnar er að það hafi tekið hana tvær mínútur og ellefu sekúndur að fara upp hæðir í stiga í húsinu. Í því samhengi bendir konan blaðamanni á stiga sem þær höfðu farið upp til að komast þangað sem viðtalið fór fram.

„Hvað tók það okkur langan tíma að ganga upp þennan stiga? Nokkrar sekúndur? Ég var líka þakin marblettum; á höfðinu, líkamanum, handleggjum og fótleggjum. Það hversu langan tíma það tók að fara upp þennan stiga hlýtur að þýða að hann hafi verið að aðstoða mig, eða...“

Hún þagnar um stund.

„Þetta eru auðvitað allt bara lygar. Líka þetta með samninginn við meðleigjandann, að hann hafi ekki mátt koma með gesti í íbúðina. Í fyrsta lagi var meðleigjandinn í burtu þessa helgi, svo hann vissi að hann væri einn í íbúðinni. Sá maður bar vitni fyrir dómnum og sagði engan slíkan samning hafa verið fyrir hendi; hafði ekki hugmynd um það hvað hann væri að tala um.“

Við vitum líka að ég fór ekki niður í neinn kjallara, vegna þess að ég gekk ekki nein skref aftur upp á þessu tímabili. Þetta er bara galið.“

Fór inn í skömmina

Konan tekur fram að það stuðningsnet sem hún eigi í lífi sínu sé búið að vera ómetanlegt í gegnum þessa erfiðu tíma og það áfall sem hún hefur þurft að horfast í augu við og er að vinna úr á hverjum degi.

„Ég á svo yndislegan mann og fólk í kringum mig. Mér var aldrei nokkurn tíma kennt um neitt. Annars hefði ég bara horfið inn í skömmina. Ég fór þangað um tíma, með hugsunum á borð við: Hvað ef ég hefði farið snemma heim? Hvað ef ég hefði ekki drukkið svona mikið? Hvað ef ég hefði farið þegar ég sagðist ætla að fara? Hvað ef ég hefði fundið leigubíl? Hvað ef ég hefði bara hringt í manninn minn? Þú veist... hvað ef ég hefði gert alla þessa hluti?“

En maðurinn minn sagði bara: Þú hefðir getað legið nakin á götunni og samt hefði enginn haft rétt á að gera það sem hann gerði. Hvað ef þú hefðir hitt almennilega manneskju úti á götu, og sá aðili hefði hringt í mig eða fundið leigubíl fyrir þig? Þú varst svo drukkin og alveg út úr heiminum, og manneskjunnar sem þú hittir datt ekki í hug að hjálpa þér að komast örugg heim.

Þessi orð hans fengu mig til þess að breyta um hugarfar.“

Erfitt að vera innflytjandi í dómskerfinu

Konan hefur í gegnum allt ferlið verið samkvæm sér í frásögn. Gögnin úr símanum renndu síðan

enn frekari stoðum undir frásögn hennar, en sýndu fram á ótrúverðuleika hans.

„Dómurinum fannst mjög ótrúverðugt að við hefðum bara setið og talað saman allan þennan tíma. Þeir spurðu hann hvort hann ætlaði virkilega að halda þessu fram, að ég hefði verið í ástandi til þess að sitja og spjalla klukkustundum saman.“

Konan segir að þrátt fyrir að svona mál væri hræðilegt fyrir hvern þann sem í því lenti, þætti henni það bæta á álagið að vera innflytjandi í þessari stöðu. Að þekkja kerfið ekki almennilega, skilja ekki gögnin og fleira. Hún hafi þó verið heppin með að hafa haft afar indælan túlk.

„Hún var alveg frábær. Hún var með mér alveg frá upphafi, var með í báðum skýrslutökunum mínum og svo á báðum dómstigum. Þetta er reyndar ákveðinn kostur í dómssal. Það reyndi auðvitað mikið á í bæði skiptin, en ég hafði túlkinn minn með mér. Það hjálpaði mikið þegar ég þurfti að sitja þarna í miðjum réttarsalnum, sérstaklega í héraðsdómi, þegar ég var að gefa minn framburð. Þú mátt bara koma í réttarsalinn við það tækifæri, þú mátt ekki hlusta á neitt annað sem fer fram þann dag, sem er gjörsamlega galið. En túlkurinn minn var þarna hjá mér og hélt utan um mig. Ég var í þannig taugaástandi að ég gat varla talað, þetta var skelfilegt.“

Ótrúverðug vörn

Báðir sálfræðingar konunnar báru vitni fyrir dómi og staðfestu að hafa greint hana með áfallastreituröskun.

Á meðal vitna voru einnig lækurinn og hjúkrunarfræðingurinn sem önnuðust konuna, framkvæmdu skoðun og próf á henni á neyðarmóttökunni, sem og aðrir sérfræðingar.

Vörn sakbornings sneri mest að því að renjia það að konan hafi raunverulega verið drukkin um nóttina. Þar sem hún hafði, í áfalli, fengið sér vönglas áður en hún gaf skýrslu hjá lögreglu til að róa taugarnar, var því varpað fram að magn alkahóls í blóði hennar gæti stafað af því að hún hefði hreinlega drukkið sig ölvaða um morguninn eftir að hún kom heim. Hún hafi hugsanlega ekki verið drukkin um nóttina á meðan þau hefðu stundað kynlíf.

„Það er í alvörunni það sem þeir voru að einbeita sér að. Það var ömurlegt.“

Þessi vörn þótti ekki trúverðug, með tilliti til annarra gagna og framburða í málinu. Sérfræðingar sögðu blóðsýni fremur renna stoðum undir framburð bæði konunnar og vitna um að hún hefði verið mjög ölvuð um kvöldið og nóttina.

Óvissa og upplýsingaleysis

Konan lýsir reynslu sinni af kerfinu sem afar slæmri, einkum og sér í lagi vegna allrar þeirrar óvissu og upplýsingaleysis sem þolendur í kynferðisbrota-málum búa við.

„Þetta er hræðilegt, vegna þess að þú hefur enga stjórn á neinu. Ég fékk til dæmis aldrei að hitta saksóknarann, þannig að þegar verjandi er að afhenda þeirra framburð og málfutning get ég ekki bent á það sem er ósatt og hugsanlegar sannanir sem ég hef fyrir öðru.“

En það sem ég gerði var að vera bara alveg rosalega ýtin og ákveðin, og útvega lögmanni mínum öll gögn og upplýsingar sem mér datt í hug. Þannig að jafnvel þótt ég hafi ekki getað talað beint við saksóknarann, þá kom lögmáðurinn minn öllu áfram, svo við gátum verið viss um að við værum að mála mynd af því sem hafði gerst.“

Ennþá meira úrval af listavörum



Listverslun.is

Trönur í miklu úrvali, íblöndunarefni, teiknivörur



Verkfæralagerinn

Smáratorgi 1, 201 Kópavogí, sími 588 6090, vl@verkfaeralagerinn.is

Mán.-fös. kl. 9-18, lau. kl. 10-17, sun. kl. 12-16

Auggie var sakfelldur um miðjan maí árið 2021 í héraðsdómi.

„En svo gerist ekki neitt. Hann fer ekki í fangelsi, hann fær bara að ganga um frjáls þrátt fyrir að vera dæmdur glæpamaður. Það er ekki fylgst með honum, hann má meira að segja ferðast; hann fór til dæmis nokkrum sinnum úr landi á meðan hann beið eftir áfrýjun. Hann áfrýjaði auðvitað. Þeir fá 30 daga til að áfrýja og þeir gera það allir, vegna þess að þannig fá þeir lengri tíma. Þannig að, meðan á þessu stendur er hann bara að lifa eðlilegu lífi. Ég get hins vegar ennþá rekist á hann; ég sé hann stundum á rafmagnshlaupahjólunum sínu.“

Þegar málið fór fyrir Landsrétt mátti konan sitja inni í réttarsalnum. Þar sat hún, í sama rými og maðurinn sem hafði nauðgað henni, í yfir sex klukkustundir.

„Ég mátti ekki segja orð, vegna þess að ég er ekki kölluð aftur inn sem vitni. Þannig að ég má vera þarna og hlusta á hann. Ég þurfti ekki að vera viðstödd, en ég tók bara þá ákvörðun að ég vildi vera það. Þetta er bara hluti af mínu bataferli og að fylgja málinu eftir, svo ég gæti reynt að skilja hvað hefði gerst þetta kvöld. Hver sem niðurstaðan yrði vildi ég bara vita hvað hefði gerst.“

Sá hann fyrir utan vinnustað sinn

Landsréttur staðfesti dóm Héraðsdóms Reykjavíkur yfir Auggie Duffy þann 25. febrúar síðastliðinn. Hann skyldi sæta fangelsi í tvö ár og sex mánuði, auk þess að greiða allan sakarkostnað og miskabætur til brotþola. Hann gengur þó ennþá laus. Konan lenti í því nýverið að sjá hann fyrir utan vinnustað hennar.

„Ég er stödd á fundi í vinnunni þegar ég lít út um gluggann og sé manninn sem nauðgaði mér á gangi, frjálsan,“ segir hún. „Hvers vegna verndar kerfið mig ekki? Ég er bara að fara í gegnum daginn minn, lítt svo út um gluggann og þar er hann, frjáls maður.“

Hún segir að sér hafi ekki verið boðin nein aðstoð eða stuðningur eftir að dómur Landsréttar féll. „Ég fæ engar upplýsingar um framvinduna og það hvenær hann komi til með að fara í fangelsi og taka út sína refsingu.“

Konan hafði samband við Fangelsismálastofnun eftir þetta atvik, til þess að reyna að fá einhver svör um það hvernig stæði á því að maðurinn væri ekki farinn í fangelsi. Henni var sagt að hann væri búinn að sækja um að dómnum verði áfrýjað til Hæstaréttar.

Samkvæmt upplýsingum frá Fangelsismálastofnun geta einstaklingar sem hafa verið dæmdir í fangelsi frestað því að taka út fangavist sína um nokkurt skeið, til að mynda með þeim rökum að þeir þurfi að búa um persónulega hagi sína áður en þeir fara í fangelsi. Auk þess má fresta refsingu með áfrýjunum, hvort sem grundvöllur er fyrir þeim eða ekki. Það veldur töfum á að afplánun geti hafist, hvort sem beiðni um áfrýjun er samþykkt eða ekki.

Segist ekki gefa eftir

Þegar málið var tekið fyrir í Héraðsdómi Reykjavíkur birti Auggie Duffy mynd af sjálfum sér fyrir utan dóminn á Facebook-síðu sinni. Við myndina skrifaði hann eftirfarandi (þýtt úr ensku):

„Ég mun ekki aftur gefa eftir! Ekki einn míkrómetra! Megi öll öfl á jörðu og himni ráðast að mér samanlögð! Ég mun ekki gefa eftir, ellegar er ég ræfill!“

Við erum stödd á 21. öldinni! Þið getið ekki verið

hissa! Hissa á því að skökk rökvisi skilar röngum svörum! Vegna þess að spurningarnar og umræðuefnið sem er á borðinu er rangt! Fæðing mín hafði tilgang! Sá tilgangur mun koma fyllilega í ljós á þeim tíma sem Guð lofar!

Þangað til hefur þú ekki völdin til þess að stela frá mér frelsi þess heilaga tilgangs!

Svo að ef þér er alvara, settu þá öll myndböndin úr eftirlitsmyndavélunum á netið, fyrir alla til að sjá! Myndböndin af öllum viðkomustöðum mínum kvöldið 20. mars 2019. Þá getum við byrjað þar! Ég mun ekki gefa eftir! Ekki einn míkrómetra!“

Fleiri hafa sögur að segja

Eftir að greint var frá dómi Landsréttar í fjölmiðlum fór að bera á fleiri frásögnum um hegðun Auggie Duffy, sérstaklega gagnvart konum. Bládamaður Mannlífs ræddi við nokkra aðila sem hafa haft kynni af honum í gegnum tíðina. Nú þegar hafa nokkrar frásagnir verið birtar í ákveðnum hópum á Facebook, þar sem slæmri reynslu af kynnum við hann er lýst.

Auggie er frá Rúanda en er íslenskur ríkisborgari og hefur búið hér á landi meira og minna í yfir 20 ár. Sögurnar um hann spanna margra ára skeið.

Ein af þeim konum sem bládamaður Mannlífs ræddi við segir frá atviki sem átti sér stað á afmælisdegi hennar. Hún hafði verið að skemmta sér með vinum sínum, en þeim hafi síðan verið boðið í eftirpartí heim til Auggie. Hún lýsir því hvernig hann hafi elt hana inn á baðherbergi í íbúðinni. Þar áttu þau samskipti sem vöktu hjá henni óþægindi og óhug.

Hún segist hafa sagt öllum í partíinu frá því sem gerst hefði og hún því næst yfirgefið húsið ásamt vinum sínum. „Hann lét bara eins og ekkert hefði gerst. Eins og það væri bara ekkert athugavert við þetta og ég bara dramatisk.“ Hún segist ekki hafa þekkt Auggie vel, en hafi kynnst honum lítilliga í gegnum sameiginlega vini. „Hann var með íbúð sem hann hélt oft eftirpartí í eftir að barinnir lokuðu. Fyrir utan slíkt, þá vorum við aldrei í neinu sambandi.“

Lýsir alvarlegu atviki eftir að Auggie var ákærður

Önnur kona segist hafa verið stödd heima hjá honum í partíi í apríl á síðasta ári. Hún þekkti hann í gegnum vini sína, hafði hitt hann nokkrum sinnum og spjallað við hann. Konan lýsir hegðun Auggie í þessu tiltekna partíi og segir alvarlegt atvik hafa átt sér stað sem sat í henni lengi á eftir og gerir enn.

Konan segist hafa hringt í hann um viku síðar og rætt við hann um upplifun sína, í þeirri von að hann tæki ábyrgð á hegðun sinni. „Þá segir hann að ég sé bara að gera hann að einhverju illmenni. Hann vildi ekki gangast við því að hafa gert neitt rangt. Það er svona það síðasta sem ég hef heyrt frá honum.“

Hún segir hann hafa brugðist reiðan við og snúið málinu gjörsamlega á hvolf, eins og hún hefði verið vond við hann.

Á þessum tíma hafði hann verið ákærður fyrir nauðgunina í Stigahlíð og á leið í réttarsal innan skamms.

Rauð flögg

Karlmaður sem þekkir til Auggie segir að þegar hann hafi heyrt af dómsmálinu og vitað hver ætti í hlut hafi hann uppgötvað að hann væri ekki hissa.

„Mín kynni af honum voru í gegnum partí, yfirleitt seint um nætur. Ég kynntist honum þegar ég fór

í eftirpartí heima hjá honum.“ Maðurinn segist hafa kynnst honum undir nafninu Auggie. Hann segist halda að það séu fáir sem þekki hann sem Augustin, sem er hans raunverulega nafn og það sem var birt í dómi Landsréttar.

„Hann er mjög sjarmerandi. Ég kunni strax mjög vel við hann, við vorum með einhverja tengingu. Hann minnti mig á vini mína frá heimalandi mínu. Þetta er myndarlegur náungi, hann er flottur í klæðaburði og það er gaman að vera í partíum með honum.“

Maðurinn rifjar upp tvö skipti þar sem hann sá mörg rauð flögg í tengslum við hegðun Auggie. Þessir atburðir áttu sér stað í eftirpartíum, mjög seint nætur eða snemma morguns, eftir því hvernig á það er litið.

„Ég hélt eftirpartí heima hjá mér fyrir nokkrum árum síðan. Þetta var svona frekar týpískt eftirpartí, ekkert brjáláð. Það var stelpa þarna, sem er góð vinkona vinar míns. Hún var yngri, líklega í kringum 25 ára. Karlmennt löðuðust mjög gjarnan að henni, hún var aðlaðandi og bara mjög indæll stelpa. Hún var drukkin og varð mjög þreytt, þannig að hún vildi leggjast niður. Ég bauð henni að fara inn í herbergið mitt og ég passaði að loka hurðinni á eftir henni, svo það færi enginn þangað inn. Við vorum í herberginu við hliðina á hurðinni.“

Hann segir hóp fólks hafa setið saman á sófanum og í kring, og lýsir því hvernig samræðurnar við Auggie hafi orðið skrytnari og skrytnari.

„Hann var að tala um hvaða stelpur við ættum að taka, hverjum við ættum að sofa hjá. Svo sagðist hann panta hana, stelpuna sem var sofandi inni í svefnherberginu. Enginn annar þarna var að tala með þessum hætti, að panta einhverja stelpur eða slíkt. Við vorum bara að eiga venjulegar samræður. Ég skildi ekki afhverju hann byrjaði að tala með þessum hætti. Það var mjög skrytið og fráhrindandi. Enn frekar að hann skyldi segjast panta að sofa hjá stelpunni sem var sofandi inni í herbergi. Mér fannst þetta nógu skrytið á þessum tímamarki til þess að segja við tvo vini mína að við þyrftum að vakta hurðina inn í herbergið. Þetta var í fyrsta sinn sem ég sá rautt flagg í tengslum við hegðun hans. Þegar ég horfi til baka á þetta atvik núna, vitandi það sem ég veit, þá er þetta bara skelfilegt.“

Hitt atvikið gerðist ekki svo löngu síðar. Það sem hann lýsir þar er hans sjónarhorn á sögu konunnar sem segir Auggie hafa elt sig inn á baðherbergi og hagað sér með ósæmandi hætti.

„Ég man eftir því þegar hún kom út af baðherberginu. Orkan hennar hafði gjörbreyst. Hún var að halda upp á afmælið sitt og hafði stuttu áður verið glöð og hress. Hún kom nánast bara fól út af baðherberginu. Ég og aðrir vinir hennar yfirgáfum íbúðina með henni. Hún var í miklu uppnámi.“

Þetta var í annað sinn sem ég upplifði það svona sterkt að það væri ekki allt með felldu. Að það væri eitthvað skrytið við þennan náunga. Ég umgekkst hann ekki yfir langt tímabil, bara nokkra mánuði, svo að tvö stór, rauð flögg á svo stuttum tíma er nú alveg töluvert.“

Maðurinn segist ekki muna eftir að hafa séð Auggie Duffy eftir þetta. Hann segist hneykslaður á því að hann gangi nú laus og konan sem hann braut á þurfi að lifa við það dag eftir dag að geta rekist á hann. „Ég skil þetta land stundum ekki,“ segir hann.

Allt grátt fyrir honum

Ýmsir sem bládamaður hefur rætt við lýsa Auggie Duffy sem mjög klárum og sjarmerandi. Hann er vel menntaður og talar nokkur tungumál. Hann

Velkomin heim



LIND
FASTEIGNASALA

virðist því eiga auðvelt með að hrífa fólk með sér við fyrstu kynni og sumir lýsa góðum samskiptum við hann, jafnvel í langan tíma. Þannig lýsir annar einstaklingur sambandi sínu við hann, en að síðan hafi tekið að halla undan fæti.

„Ég fór að upplifa að það væri eitthvað að honum,“ segir sá aðili. Í lýsingunum kemur fram að hann hafi farið yfir mörk og verið óþægilegur í samskiptum. Hann hafi sýnt af sér ágenga hegðun og skeytt litlu um mörk annarra. „Það var allt einhvern veginn grátt fyrir honum. Ég varð vitni að ýmiss konar atvikum.“

Fleiri en einn heimildamaður segja skýr merki kvenfyrirlitningar hafa verið í hegðun hans. Mynstri andlegs ofbeldis er einnig lýst. „Ég upplifði hann ógnandi og hættulegan; mér fannst mé stafa hætta af honum. Það var eins og hann breyttist í eitthvað annað. Hann niðurlægði mig gjarnan og hann fór ekki einu sinni leynt með það,“ segir einn aðillinn.

„Þegar ég frétti af dómsmálinu fannst mér eins og einhver hefði átt að gripa inn í fyrr. Það var eins og öll hegðun væri á leiðinni í þessa átt,“ segir heimildamaður og nefnir skrif Auggie á Facebook í tengslum við málið. „Honum virðist bara vera alveg sama. Hann ídrast einskis. Svo lofar hann bara guð.“

Kona sem hefur orðið vitni að hegðun Auggie í gegnum tíðina segist hafa það á tilfinningunni að karlmenn í kringum hann geri sér ekki grein fyrir því sem hafi átt sér stað, í það minnsta ekki í jafn miklum mæli og konur. „Það er eins og sumir þeirra haldi að þetta sé ekki svona slæmt.“

Endalausar lygar

„Við vorum vinir fyrir mörgum árum og vorum það lengi,“ segir önnur kona sem var tilbúin til þess að segja frá sínum kynnum af Auggie.

„Hann lýgur alveg óstjórnlega mikið. Hann segir mér til dæmis að hann heiti Alan. Hann segir mér aldrei sitt raunverulega nafn. Ég hef aldrei heyrt hann nota það nafn við neinn nema mig. Hann segir mér að hann sé frá Kenýa, sem er ekki rétt, vegna þess að hann er frá Rúanda. Hann laug líka til um aldur. Hann var miklu, miklu eldri en hann sagðist vera. Ég man ekki alveg hvað hann sagði mér að hann væri gamall en aldurinn hans kom fyrir í dómnum sem var birtur og ég fékk bara áfall. Hann hafði gert sig miklu yngri en hann var í raun og veru. Hann var rosalega ýtinn, rosalega needy, svona desperate. Virti ekki mörk. Ég hef bara eiginlega aldrei kynnst svona manneskju. Hann var bara alveg too much.“

Hún lýsir óþægilegri og markalausri hegðun af hans hálfu.

„Ég man síðan að mamma mín hitti hann einu sinni og hún elskaði hann. Hann kom svo vel fyrir. Hann er bara frábær leikari, þessi maður. Hún myndi nú ekki segja það sama í dag.“

Konan lýsir því hvernig vinátta þeirra hafi endað frekar skyndilega.

„Við áttum frekar mikið af sameiginlegum vinum og við vorum saman í partíi. Hann fer þar að segja fólk að hann sé frá Kenýa. Ég heyri það og segi: Nei, þú ert frá Rúanda. Þá bara bilaðist hann. Hann bara brjáláðist og varð ógeðslega reiður við mig. Þá hættum við semsagt að vera vinir. Ég held að ég hafi hitt hann einu sinni eftir það.“

Ég hef kynnst fullt af needy karlmönnum og karlmönnum sem nota konur, en hann er bara over the top. Hann er bara eitthvað annað. Ég myndi aldrei vera vinkona hans í dag.“

Hún talar um, eins og margir aðrir, ótal rauð flögg í hegðun hans. „Til dæmis þessar lygar. Hvaða máli skiptir það hvaðan hann er? Af hverju sagði hann mér ekki hvað hann hét? Hann kom heim til mín, hitti mömmu mína og pabba. Þetta var rosalega furðulegt.“

Notaði traust sem stjórnumartæki
Auggie Duffy opnaði kaffihúsið Kigali árið 2014 við Ingólfsstræti.

Ein af þeim konum sem blaðamaður Mannlífs ræddi við starfaði hjá honum á kaffihúsinu um tíma. Hún lýsir því hvernig hann hafi komið vel fram við hana í byrjun og lagt mikla áherslu á að hann treysti henni.

Auggie þurfti að fara erlendis á þessum tíma og konan sá um kaffihúsið á meðan. Hún fór síðan að hafa rökstuddar áhyggjur af launamálum og stöðu sinni sem starfsmaður.

Hún reyndi að opna á málið við hann og sagði honum að hún vildi vera viss um að hún væri ekki að vinna svart. „Ég átti að fá útborgað á þessum tíma en hann notaði það að hann væri erlendis sem afsökun fyrir því að geta ekki millifært. Hann notaði traust til þess að stjórna mér og svo fannst mér leiðinlegt að kaffihúsið gekk ekki nógu vel, svo ég hugsaði með mér að hann ætti kannski ekki peninga til að borga mér.“ Hún spurði Auggie hvort staðan væri þannig, en hann þvertók fyrir það.

„Þegar hann kom til baka var hann ekki lengur góði gæinn. Hann fór að kenna mér um að kaffihúsið gengi illa og var líka reiður við mig vegna þess að ég, að hans sögn, treysti því ekki að hann væri að gera allt löglega.“

Hún segir hann hafa vakið hjá sér sektarkennd og skömm. „Ég var miður mín, en á sama tíma fann ég það svo sterkt að það væri eitthvað að.“ Hún lýsir því hvernig hann hafi misst stjórn á sér þegar hún hafi lýst yfir áhyggjum af launamálum. „Ég varð hrædd um að eitthvað slæmt myndi koma fyrir mig.“

Það endaði með því að hún þurfti að leita til stéttarfélags. Meðan á því stóð mætti hún til vinnu og stóð sínar vaktir, dauðhrædd um að Auggie myndi

vera á staðnum og koma fram við hana eins og hún væri vond manneskja.

Henni þótti hann hafa brugðist trausti hennar sem yfirmaður og spilað með hana. Hún ákvað að reyna aftur að ræða við hann.

„Það eina sem hann sagði var að ég skyldi koma mér út af kaffihúsinu hans og aldrei koma aftur.“

Nokkrum árum síðar varð hann aftur á vegi konunnar. Hún fór með vinum sínum á skemmti-staðinn Prikkið og stóð úti á reykingasvæðinu þegar hann kom drukkinn upp að henni og var ógnandi í hegðun. „Hann sagði að ég skyldi koma mér burt strax, eða eitthvað slæmt myndi henda mig. Mér leið mjög óþægilega og sagði vinum mínum frá þessu, en ég hélt ekki að hann myndi gera neitt fyrir framan fjölda fólks. Ég tók eftir því að hann var að tala við vini sína og fólk sem vann á barnum. Hvað sem hann var að segja við það, þá fann maður að þetta átti eftir að fara illa. Hann hellti heilu björglasi yfir vin minn, sem var auðvitað brugðið og reiddist. Skyndilega vorum við umkringd honum og vinum hans. Við urðum að yfirgefa staðinn, því við vildum ekki lenda í slagsmálum.“

Konan segist ekki sjá Auggie sem annað hvort góðan eða vandan. „Þrátt fyrir allt þá vona ég að hann sæki sér hjálp svo hann geti hætt að skaða aðra.“

Gæti enn verið langt í afplánun

Jafnvel þótt áfryjun til Hæstaréttar yrði ekki samþykkt í tilfalli Auggie Duffy, þá gætu samt liðið allt að sex til sjö mánuðir áður en hann þarf að hefja afplánun sína, til að mynda ef hann sækir um frest til þess að búa um persónulega hagi. Á meðan lifir konan sem hann braut á í ótta.

Þess ber þó að geta að Fangelsismálastofnun hefur upp að vissu marki vald til þess að ákvarða hversu fljótt einstaklingar þurfa að hefja afplánun. Stofnunin getur þannig ákveðið að hún skuli hefjast án tafar, til að mynda ef almannahagsmunir mæla með því eða ef sakamennirnir eru grunaðir um að hafa framið refsiverðan verknað á ný.

Konan sem Auggie Duffy var dæmdur fyrir að brjóta á segir það mikla brotalóm í kerfinu hve lítil aðstoð bjóðist brotapolum. „Ef við fengjum einhvers konar aðgerðaráætlun og stuðning, með reglulegri eftirfylgni, myndi það hjálpa mikið til við bata okkar, vernd og framtíðarhorfur.“ Þrátt fyrir að baráttan sé orðin löng og álagið slygandi ætlar hún að halda áfram að berjast.

„Ég ætla ekki að þegja, því þögnin er eina vopn ofbeldismanna.“

Ekki náðist í Auggie Duffy við vinnslu greinarinnar.



BRANDSON

V Ö N D U Ð
Í S L E N S K
H Ö N N U N

BRANDSON.IS



SIGGRUN

C O L L E C T I O N

ÚTFARARSTOFA ÍSLANDS
SÍÐAN 1996



Sverrir Einarsson

**ALÚÐ • VIRÐING
TRAUST • REYNSLA**

Símar allan sólarhringinn:

581 3300 & 896 8242

www.utfarin.is

Komum heim til aðstandenda og
ræðum skipulag útfarar ef óskað er.



Öryrkjar flytja til Spánar: Flýja himinhátt matarverð og leiguokur á Íslandi SJÁÐU VERÐMUNINN

Gífurlegur verðmunur er á matvöru á Spáni og Íslandi. Mannlíf gerði á dögnum úttekt á verði á matvöru, lyfjum og fleiru á Alicante-svæðinu og á Íslandi. Gríðarlegur verðmunur stingur svo sannarlega í augu. Sláandi munur er á nauðsynjavörum til heimilisins til dæmis mjólkurvörum, brauði og kjöti. Hægt er að fá rúmlega fimm kíló af nautahakki á Spáni á móti einu kíló á Íslandi.

Þá er hægt að fá fjögur kíló af kjúklingabringum á móti einu kíló á Íslandi. Í hefðbundnum kjörbúðum í Alicante er venjulegur brauðostur um 60% ódýrari en sama vara á Íslandi og kjötvörur að meðaltali 378% dýrari á Íslandi.

Mannlíf tók saman körfu yfir þá hluti sem hann gat fundið hér á Íslandi, sambærilega

þeim sem finna var á Spáni, og munurinn var umtalsverður. Karfan á Íslandi var 153% dýrari en á Spáni. Verðkönnun Mannlífs fór fram á Spáni og í Krónunni og Lyfju á Ísland í apríl sl.

Sjá hér lista yfir það sem rataði í körfu Mannlífs.

	Spánn	Ísland
Snyrtivörur		
Hansaplast princess	340	329
Eucerin normal-rakakrem	2900	3569
Loreal-maskari	1479	2699
Loreal-hárlitaspray	862	1996
Eucerin rollon	964	1471
Jordan-tannbursti	370	279
Eucerin-andlitshreinsir 200ml	780	2093
Matvara		
Mascarpone 200 g	197	530
Philadelphia rjómaostur	312	520
Grísk jógúrt 350 g	109	386
Rifinn ostur 200 g	160	486
Havarti 300 g	377	699
Lífræn mjólk 1 l	125	349
Rúnnstykki	30	120
Snittubrauð	54	259
Nautahakk	477	2598
Svínakótelettur	428	2099
Kjúklingabringur	550	2199
Gouda sneiddur 1 kg	986	2515
Ávaxta og grænmetissafi 250 ml	129	359
Blómkál 1 kg	217	398
Hvítkál 1 kg	208	211
Bananar 1 kg	433	299
Vatnsmelóna 1 kg	296	274
Bláber 500 g	740	1150
Samtals	13.523	27.887

Á Spáni er hægt að gera sér dagamun og fara á kaffihús og kaupa Café latte og tertu fyrir tvo á aðeins 870 krónur. En hér heima kostar café latte og terta fyrir tvo á Kaffitári 3.040 krónur. Munurinn er 290%.

Þetta er ekki vísindaleg rannsókn heldur niðurstaða Mannlífs eftir óformlega könnun á Spáni. Þessi mikli verðmunur er væntanlega skýring á því að öryrkjar og ellilífeyrisþegar freista gæfunnar og flytja til Spánar í leit að betri afkomu.

Mannlíf ræddi við Íslendinga á Spáni sem sögðust aldrei flytja aftur heim, þar sem lífsbaráttan væri miklu léttari þar.

Á móti kemur að launamunur er mikill á Spáni og Íslandi, en það er hópur í okkar landi sem lifir á örorkubótum og á ekki möguleika á því að kaupa sér fjölbreyttan og hollan mat ásamt því að standa skil á rándýrri húsaleigu. Öryrki sem hefur 256 þúsund krónur til framfærslu á mánuði getur ekki lifað af þeim launum. Því hafa margir í þessari stöðu tekið þá ákvörðun að flytja frá Íslandi til Spánar í von um að geta lifað mannsæmandi lífi og ná endum saman án þess að vera þjakaður af kvíða alla daga vegna bágrar fjárhagsstöðu. Til dæmis er hægt að leigja sér ágætis 90 fm íbúð á Alicante-svæðinu fyrir 75 þúsund krónur svo dæmi sé tekið. Til viðmiðunar sá blaðamaður auglýsta 90 fm íbúð í Reykjavík á 270 þúsund krónur. Munurinn á ársgrundvelli er rúmlega 2,3 milljónir króna.

LEGSTEINAR Í MIKLU ÚRVALI

**25%
AFSLÁTTUR**
AF ÖLLUM GRANÍT
LEGSTEINUM Í MAÍ



**GRANÍT
STEINAR**

Helluhrauni 2, Hafnarfirði
544 5100 – granitsteinar.is



Vinnumaður banar barnshafandi vinnukonu – Kæfð með vettlingi og fleygt í Svartá



Í september 1891 var fertug vinnukona í Svartáarkoti, í Suður-Þingeyjarsýslu, myrt af kaldrifjuðum vinnumanni frá Mýri í Bárðardal, sem er þar í sömu sveit. Þannig var mál með vexti að vinnukonan fertuga, Guðfinna Jónsdóttir, hafði verið í tygjum við vinnumanninn, Jón Sigurðsson, en talsverður aldursmunur var á þeim skötuþjúum, því Jón var rétt rúmlega tvítugur þegar þetta átti sér stað. Til að gera málið enn hörmulegra var Guðfinna ekki kona einsömul, því hún var gengin um fimm mánuði með afrakstur náinna kynna þeirra.

Laugardaginn 12. september, 1891, bar Jón að garði í Svartáarkoti og úr varð að hann gisti þar um nóttina. Morguninn eftir, er hann tygjaði sig til brottfarar, kom hann einslega að máli við Guðfinnu og hélt síðan sína leið. Í kjölfarið fór Guðfinna inn í baðstofu og skein af henni gleðin. Hafði hún á orði að Jón hefði verið óvenju hlýlegur í hennar garð, en ekki segir meira af því.

Guðfinna bregður sér af bæ

Síðar bar Guðfinna sig upp við húsmóður sína og bað um leyfi til að bregða sér frá. Ekki leist húsmóður Guðfinnu vel á það því hvort tveggja var að veður var hvasst og hún átti illa við að missa hana. Því taldi húsfréjja úr för Guðfinnu frekar en hitt. Að lokum lét hún þó tilleiðast og veitti henni fararleyfi.

Guðfinna beið ekki boðanna, hafði þegar fata-skipti, batt klút um höfuð sér og hvarf á braut.

Jón skýst frá

Af Jóni er það að segja að hann fór frá Svartáarkoti að Víðirkeri, en göngur höfðu staðið yfir og var þar verið að rétta fé. Sumt fjárins átti að fara vestur yfir Skjálfandaflljótt og bauðst Jón til að taka að sér þann rekstur ásamt öðrum. Fyrst, sagði hann, þyrfti hann að skjótast og sækja tvær kindur sem höfðu orðið eftir við Svartá, og hann sagðist hafa séð.

Kom blautur til baka

Sló Jón síðan undir nára og reið hvatlega burtu. Að tæplega klukkutíma liðnum kom hann til baka en kindalaus, og náði félögum sínum neðar við ána. Lét hann strax hendur standa fram úr ermum og tók í fangið eina á og óð með hana yfir ána. Það var ekki fyrr en síðar, þegar ódæði hans varð ljóst, að menn drógu þá ályktun að dugnaður hans daginn þann, er hann óð um-svífalaust út í ána, hefði verið til að dylja að hann var blautur fyrir. Að fjárrekstri loknum þennan dag fór Jón heim.

Árangurslaus leit

Í Svartáarkoti hafði Guðfinna sem sagt fengið að bregða sér af bæ, en annars var þar tíðindalítið. Um kvöldið skilaði Guðfinna sér ekki, en heimilis-fólk hafði þó ekki teljandi áhyggjur, þótti það kynlegt, en hélt að hún hefði gist á öðrum bæ. Fjarvera Guðfinnu vakti þó illan grun eins af heimilisfólkinu í Svartáarkoti. Þar var um að ræða vinkonu hennar sem var ekki rótt og fór í bítið daginn eftir að leita hennar. Vinkonan skilaði sér heim um kvöldið og hafði leit hennar ekki borið árangur.

Á grúfu á grynningum

Daginn eftir voru fengnir á annan tug manna til að leita að Guðfinnu, en þeir urðu einskis vísari og skiluðu sér tómhentir heim. Það var ekki fyrr en 16. september sem viðleitni leitarmanna skilaði árangri. Þá fannst Guðfinna dáin, liggjandi á grúfu á grynningum í Svartá. Farið var með líkið að Svartáarkoti, en þótti mönnum almennt að dauða hennar hefði borið að með helst til kynlegum hætti og töldu ekki fráleitt að ætla að hún hefði dáíð af manna-völdum.

Yfirvald kallað til

Séra Jón Þorsteinsson á Halldórsstöðum hafði því samband við sýslumann á Héðinshöfða, Benedikt Sveinsson og upplýsti hann um málið. Sýslumanni fannst ekki eftir neinu að biða, reið í Svartáarkot og sendi einnig skilaboð til amt-manns þess efnis að fá þyrfti Þorgrím Johnsen, héraðslækni á Akureyri, til að framkvæma skoðun á líki Guðfinnu. Sendill amtmanns kom til Akureyrar 22. sept-ember og bárust lækni skilaboðin daginn eftir. Þorgrímur lækni lagði þá strax af stað og bar að garði í Svartáarkoti um hádegisbil þann 24. september.

Gangnamenn yfirheyrið

Þá var Benedikt sýslumaður þar fyrir og var önnum kafinn við yfirheyrslu gangnamannanna, en þó var ekki mættur sá sem þá helst var grun-aður um ódæðið, Jón Sigurðsson, vinnumaður frá Mýri.

Sýslumaður og lækni voru sammála að réttast væri að sá grunaði yrði viðstaddur líkskurðinn og var því sent eftir honum. Jón lét þó biða eftir sér og kom ekki í Svartáarkot fyrr um kvöldið og því var frestað líkskurðinum til morguns.

Druknaði ekki

Daginn eftir var læknum afhent líkið, þvegið og í kistu. Það var síðan lagt á fjalir og lækni-rinn hófst handa að Jóni vinnumanni viðstöddum. Sýndist viðstöddum Jóni bregða við, en sat hann þó rólegur. Eftir að hafa opnað höfuð, bringu og kvið líksins kvað Þorgrímur upp þann úrskurð að Guðfinna hefði verið kæfð; verið köfnuð áður en hún lenti í ánni og því ekki druknað.

Skrítið skófar

Benedikt sýslumaður reið þangað sem líkið af Guðfinnu hafði fundist. Nokkurn spól frá þeim stað fann hann fótspor karlmanns, einkennilega lagað. Með lagni tókst honum að skera upp hnaus með sporinu í, setti í kassa og hafði með sér að Svartáarkoti. Benedikt sendi skrifara sinn að Mýri til að hand-taka Jón og krafðist þess einnig að sjá skó þá sem Jón hefði klæðst daginn sem Guðfinna dó. Viti menn – vinstri skór smellpassaði við farið sem sýslumaður hafði fundið við Svartá.

Skipulagt í þaula

Jón vinnumaður játaði fljótlega sök sína, þegar hann var spurður frekar út í málavöxtu. Hann hefði myrt Guðfinnu eftir að hann reið frá fjárrekstrarmönnum, eins og áður er greint frá. Jón sagðist hafa beið Guðfinnu að hitta sig, áður en hann reið úr hlaði í Svartáarkoti sunnudaginn 13. september. Einhver hefur eftirvænting Guðfinnu verið, því hún var mætt á fundarstaðinn á undan Jóni. Kastaði hún á hann kveðju, en hann svaraði henni fálega, vægt til orða tekið. Jón tróð vettlingi upp í munn Guðfinnu og hélt fyrir nef hennar þar til hún hætti að anda. Síðan fleygði hann líkinu út í Svartá og reið til fundar við gangnamenn, þar sem hann tók óðar til hendinni.

Afdrif vinnumanns

Í kjölfar játningar Jóns var hann fluttur til Húsavíkur í öruggt varðhald, en þann 12. október, þetta sama ár, var hann sakfelldur og dæmdur til dauða. Tvennum sögum fer af afdrifum Jóns. Samkvæmt annarri endaði hann ævina í Stokkhúsínu svonefnda í Kaupmannahöfn. Í byrjun árs 1893 bárust þau tíðindi til landsins að hann hefði framið sjálfsvíg í fangaklefa. Sagt var að hann hefði barið höfði sínu við múrinn, þar til yfir lauk. Samkvæmt hinni var Jón Sigurðsson vistaður í Hegningarhúsínu og aldrei sendur til afplánunar dómsins í Kaupmannahöfn. Jón hefði að lokum verið náðaður, árið 1904 og flust til Húsavíkur, lífað þar fram á efri ár og dáíð árið 1947.

LOSTI!

fyrir!

leyfðu lostanum að taka yfir...

Borgartún 3, 105 RVK
losti.is



Leiðarinn
Reynir Traustason

Sjálfstæðisflokkur spillingar

Íslensk stjórnmal er mörkuð af svikum loforðum og spillingu. Opinberar skilgreiningar á stefnu einstakra flokka eru gjarnan sniðgengnar. Mest áberandi er þetta hjá Sjálfstæðisflokknum sem heldur því á lofti að flokkurinn styðji einstaklingsframtak, frelsi og aðhald í ríkisrekstri. Þetta er allt saman innihaldslaust þvaður í dag. Sjálfstæðisflokkurinn er á kafl í spillingarmálum og hefur verið lengi. Bjarni Benediktsson, formaður og fjármálaráðherra, er ættarlaukur Engeyjarveldisins. Hann hefur farið fyrir viðskiptum föður síns, sem er umsvífamikill. Spillingin myndgerðist þegar fjármálaráðherra Bjarni lagði blessun sína yfir það að auðjofurinn, faðir hans, fengi hlut í Íslandsbanka á afsláttarkjörum. Almennangi var haldið frá slíkum kjörum. Sjálfstæðisflokkur Bjarna stendur vörð um hvers konar spillingu og skarar eld að sinni köku. Úrkynjaður ríkisrekstur dafnar undir stjórn hans. Og þegar ríkið selur eignir þá stjórnar flokkurinn sölnu og passar að flokksmenn eigi örugga aðkomu næst kjötkötlunum. Saga Bjarna er löng og stráð

spillingarmálum. Hann hefur myndað spillingarbrú á milli viðskipta og stjórnmála.

Vinstri græn voru á tímabili tákn hreinleikans. Það er liðin tíð. Flokkurinn lætur sem hann sé brjóstvörn hinna fátæku og standi vörð um náttúruna. Kannski var þetta raunin einhvern tímann. En saga flokksins er fyrst og fremst mörkuð hentistefnu. Flokkurinn hefur stutt stóriðju á Húsavík og hann stendur að baki subbulegu fiskeldi í sjó, svo dæmi séu nefnd. Katrín Jakobsdóttir, formaður og forsætis ráðherra, var þó tákn hreinleikans og kjósendur trúðu á einlægni hennar. Sú trú er að mestu horfin. Katrín hefur haldið Sjálfstæðisflokknum við völd og gefið ríkisstjórninni fallega áferð. Vandinn er hins vegar sá að þessi prinsessa hreinleikans er komin á villigötur og er í dag hýsill þeirra spillingar sem einkennir Sjálfstæðisflokkinn. Katrín ber blak af Bjarna og pabbapólitík hans og stendur þannig vörð um flokkinn sem hún hefði þurft að halda frá ríkiskassanum og veiðilendum gráðugra kapitalista.

Íslenskir kjósendur hafa áttað sig á grasserandi meinsemdinni. Sjálfstæðisflokkurinn hefur smám saman verið að skreppa saman og kjósendur Sjálfstæðisflokksins flýja unnvörpum yfir í Framsóknarflokkinn sem smám saman hefur fengið þá ímynd að hann sé heiðarlegur að nokkru marki. Kjósendur Vinstri grænna hafa áttað sig á því að sá flokkur er hvorki grænn né vinstriinnnaður. Þeir hafa flúið yfir í Flokk fólksins og í Sósíalístaflokkinn til að berjast í þágu hinna efnaminni.

Nýliðnar sveitarstjórnarkosningarnar leiddu í ljós að kjósendur eru ekki vitlausari en svo að þeir standa ekki lengur með þeim sem sigla undir fölsku flaggi. Augu fólks eru að opnast fyrir því að báðir þessir flokkar hafa yfir sér áru svika og hræsni. Þeir eru falskir. Það er tími kominn á meiriháttar tiltekt í íslenskum stjórnmálum. Hermum stefnu og loforð upp á skúrkana og kennum þeim lexíu með því að útiloka þá.



Aðsend skoðun
Stefán Bogi Sveinsson

„Þú ættir að hætta í pólitík mikið oft“

Þegar þetta er skrifað er ferill minn í sveitarstjórn (ef hægt er að kalla það feril að sitja í sveitarstjórn í meðalstóru sveitarfélagi á Íslandi) að renna sitt skeið. Ég ákvað að hætta eftir 12 ár í framlinunni þar, sem ég held að sé ágætur tími. Það er samt sem áður sérstakt að kveðja nokkuð sem hefur verið snar hluti af lífi manns allan þennan tíma og ýmsar breytingar sem munu verða við það. Raunar hafa þegar orðið ákveðnar breytingar, sem sumir aðrir hafa tekið meira eftir en ég sjálfur.

Vinur minn einn (og pólitískur andstæðingur) lét orðin í fyrirsögninni falla við mig eftir fund um daginn. Þótt túlka meg orðin þannig að sá sé dauðfeginn að vera laus við mig (sem viðkomandi eflaust er) var tilefnið annað. Hann var ánægður með að ég hafði sagt það sem mér fannst á fundinum, umbúðalaust og án þess að skeyta mikið um það hvað öðrum þótti. Það fylgir því nefnilega frelsi að vera

ekki í framboði. Þrátt fyrir góðan vilja er hætt við því að þeir sem treysta á atkvæði sem flestra, fari í gegnum sjálfsritskoðun við hvert tækifæri. Þetta er ekki æskilegt, en þetta er manlegt og ég held að við gerum þetta öll (jafnvel þau sem gefa sig hvað mest út fyrir að segja það sem þau hugsa, gera það alls ekki, kannski einmitt síst þau).

Í blessað lýðræði okkar er innbyggður hvati til þess að segja það sem fólk vill heyra í staðinn fyrir það sem það þarf að heyra. Ég sjálfur er ekki betri en svo að ég hef stundum einfaldlega sleppt því að ræða málin frekar en þurfa að fara í gegnum þau með fólk sem ég veit að er ekki móttækilegt fyrir upplýsingum eða gagnstæðum sjónarmiðum. Fá mál eru einföld og nánast alltaf eru tvær hliðar á þeim þar sem ólík sjónarmið vegast á, sem geta eigi að síður verið góð og gild hvert fyrir sig. Ég hef stundum sagt að mínar óuppáhalds-

setningar í samræðum hefjist á orðunum „Það getur nú ekki verið svo erfitt/dýrt að...“. Svárið er nánast alltaf að það getur bara víst verið bæði dýrt og erfitt. Ef ekki, þá væri líklegast búið að því.

Stjórnmálafólk er ein af fáum starfsstéttum sem má tala illa um, alltaf alls staðar. En nánast undantekningarlaust búa samfélög við stjórnmálafólkið sem þau eiga skilið. Alveg eins og stjórnmálafólk þarf að hlusta á fólk úti í samfélaginu, þarf samfélagið að vera tilbúið að hlusta á stjórnmálafólk, jafnvel þegar það segir hluti sem er ekki gaman að heyra, og bera virðingu fyrir því þegar talað er af einlægni og hreinskilni. Það getur verið fyrsta skrefið í átt að heilbrigðara stjórnmálaumhverfi og þá fáum við mögulega betra stjórnmálafólk sem er tilbúið að segja hlutina hreinskilnislega, jafnvel áður en það hefur ákveðið að hætta.

Fjögur á förnum vegi
Spurningin

Hefur þú einhverjar fóbíur?



Magnea Dís
„Já, er með fóbíu fyrir holum. Er hrædd um að eitthvað komi upp úr þeim.“



Steini
„Nei, ekki svo ég viti. Alveg laus við fóbíur.“



Vilborg Gunnarsdóttir
„Nei, ekki sem ég man eftir, nei.“



Ögmundur Kárason
„Ég er með fóbíu fyrir svona svefnrofalömun. Ég er búinn að lenda í þessu nýlega, að geta ekki hreyft líkamann þegar maður er á milli svefns og vöku. Um daginn lenti ég í þessu fjórum sinnum á einu kvöldi. Það gerði mig alveg skithræddan við bara yfirhöfuð að fara að sofa.“



Fjölmiðlapistillinn
Kolbeinn Þorsteinsson



Skýrmælti múmínsnáðinn

Barnaefni í fjölmiðlum hefur í gegnum tíðina breyst mikið, einkum og sér í lagi í sjónvarpi. Reyndar man ég ekki eftir neinu sem flokkast getur sem barnaefni í útvarpi, en vel getur verið að minni sé að gefa sig. Barnaefni sjónvarps minnar eigin bernsku var ekki flókið; erlendrar teiknimyndir – The Flintstones, The Jetsons, Lassie-myndirnar, Flipper og sitthvað fleira. Ekkert var talsett en allt var textað og því lá mikið á að maður yrði læs. Í raun stuðlaði þetta að miklum og skjóttum framförum í lestrarkunnáttu minni og barnaefnið reyndist mér hin besta skemmtun. Nú er sú krafa hávær að allt barnaefni sé annaðhvort íslenskt eða talsett og talsetningin þá í höndum menntaðra leikara. Ég á börn og barnabörn og hef því þurft að aðlaga mig nýjum kröfum í framsetningu barnaefnis sjónvarpsstöðvanna Íslensku. Það hefur reynst mér þrautín þyngri því mér er ómögulegt að skilja hvað sagt er í hinum ýmsu barnaþáttum, og er þó mælt á okkar ástkæra og ylhýra. Ég leyfi mér að efast um að börnin skilji það sem sagt er.

Mér er minnisstætt þegar Bogi Ágústsson, sá viðkunnanlegi fréttapular með meiru, og Magnús Ólafsson leikari víxluðu hlutverkum. Magnús hafði meðal annars þann starfa að ljá einhverri persónu úr Múmínálfunum rödd sína, en Bogi las þá sem nú fréttir á RÚV. Þeir sem sagt víxluðu verkum og var það til gamans gert. Magnús las frétt og beitti sömu rödd og töktum og hann gerði í Múmínálfunum, en Bogi setti sig í spor Múmínsnáðans, ef ég man rétt, og gerði hann að sínum. Það var eins og við manninn mælt að ekki skildi ég um hvað frétt Magnúsar snerist og skildi í fyrsta skipti það sem Múmínsnáðinn sagði. Ekki aðeins skildi ég hvað Múmínsnáðinn sagði heldur var rómur hans skyndilega svo hlýr og einhvern veginn í þeim anda sem mér fannst tengjast honum sem persónu. Fréttin var hins vegar lesin með ýktum áherslum og hraðinn gaf til kynna að sá sem las væri í tímaþröng, sem að mínu mati einkennir talsetningu alls barnaefnis á landi hér. Nú veit ég ekki hvað veldur þessu. Kannski er ég einfaldlega hættur að geta hlustað hratt.



» Einar grjótharður



Einar Kárason rithöfundur er gjarnan óhræddur við að viðra skoðanir sínar. Hann vakti athygli á þeirri slaufunarmeningu sem hefur tröllriðið bandarísku samfélagi undanfarið og krafið stjórn Rithöfundasambands Íslands svara um afstöðu sambandsins. „Því tel ég brýnt að við fáum það á hreint að forysta Rithöfundasambands Íslands geri það algerlega ljóst að hún hafi harða og einbeitta andstöðu gegn þessari ómurlegu ófugbröun,“ skrifaði Einar á Facebook og taldi samtökin gagnslaus ef þau beittu sér ekki í þessu hagsmunamáli rithöfunda. Fátt er um svör hjá hagsmunasamtökunum ...

» Kristur og Wessman



Ólafur Kristinnsson lögmaður er einna helst þekktur fyrir að hafa millifært peninga á Kristjón Kormák Guðjónsson, fyrrverandi ritstjóra,



fyrir og eftir innbrotið á ritstjóra Mannlífs. Lögmaðurinn hefur um árabíl starfað fyrir athafnamanninn Róbert Wessman sem kærður var fyrir að hafa verið í vitorði með þeim sem brutust inn í ritstjórnina. Hermt er að Ólafur þessi hafi einnig starfað fyrir Kaþólsku kirkjuna. Það er væntanlega ekki slæmur félagsskapur að starfa fyrir Krist og Wessman ...

» Stjórnuhrap Gísla



Gísli Hauksson, fyrrverandi forstjóri og stofnandi GAMMA Capital Management, er í slæmum málum eftur að honum var stefnt fyrir dóm fyrir að beita konu sína ofbeldi. Gísli var lengi hátt skrifaður í Sjálfstæðisflokknum og þótti vera á meðal fremstu viðskiptajöfra landsins. Gamma heyrir nú sögunni til eftir háflugið. Nú er spillaborgin hrúnin og stjórnuhrap auðmannsins blasir við. Hann hefur viðurkennt ofbeldið og hans biður löng fangelsisvist ...

» Sigmar varkár



Sigmar Vilhjálmsson athafnamaður er þekktur fyrir að liggja ekki á skoðunum sínum. Fræg uppákoma var þegar Sölvi Tryggvason sjónvarpsmaður grét í seinasta hlaðvarpsþætti



sínum eftir að hann var borinn þeim sökum að hafa beitt ástkonu sína ofbeldi. Sigmar vorkennið Sölva og grét með tilbrigðum á samfélagsmiðlum, Sölva til samlætis. Sigmar tjáði sig um sambærilegt mál Ingólfs Veðurguðs sem krefst skaðabóta af orðháku. Sigmar steig að þessu sinni varlega til jarðar: „Hvor niðurstaðan sem verður er hollt fyrir okkur sem samfélag að vita hvort þetta meg eða meg ekki,“ sagði hann ...



Hjónin Hlédís Sveinsdóttir og Gunnar Árnason krefjast rannsóknar:

Dularfullt hvarf 19 fósturvísa

Hjónin **Hlédís Sveinsdóttir** og **Gunnar Árnason** höfðu á sínum tíma reynt með aðstoð Art Medica að eignast barn. Hlédís fór í eggheimtur og voru tekin úr henni 50 egg. Fósturvísar urðu 29 og voru 10 þeirra notaðir í meðferð hjónanna. Meðferðir skiluðu ekki árangri. Í fyrra tjáði ókunnug manneskja Gunnari úti á götu að eitthvað misjafnt hefði átt sér stað á þeim tíma þegar á meðferðunum stóð og að framið hefði verið lögbrot. Þegar hjónin skoðuðu málið kom í ljós að 19 fósturvísar höfðu horfið auk þess sem fjöldi manns hafði skoðað sjúkraskrár hjónanna sem geymdar eru á Landspítalanum, en samkvæmt lögum mega einungis læknar sem sinna fólki skoða sjúkraskrár fólks. Í dag vita hjónin um tvö börn sem þau grunar að gætu verið þeirra börn. „Það er rökstuddur grunur núna um að það hafi orðið til börn, okkar börn, úr þessum fósturvísnum sem gufuðu upp í meðferðinni og engin viðhlítandi skýring hefur fengist á,“ segir Gunnar. Fram undan er dómsmál.

„Við fórum í tæknifrjógvun hérlendis á árunum 2008-2010. Þetta var tveggja og hálfis árs ferli sem endaði nú með engu barni, en engu að síður erum við hamingjusöm og létum okkur það að góðu verða. Nýlega fengum við ábendingar um að eitthvað hefði farið úrskaiðis í þessari meðferð þarna fyrir löngu síðan og í kjölfar þeirra ábendinga höfum við aflað okkur gagna og þetta verður sífelld þyngra eftir því sem frá líður, af því að það bendir ýmislegt til þess að þetta sé rétt og það er kominn rökstuddur grunur um misferli,“ segir Hlédís Sveinsdóttir, sem var í meðferð hjá Art Medica á þessum tíma, en fyrirtækið var selt árið 2016 og heitir núna Livio.

„Við erum búin að vera að lifa lífinu og vorum svekkt yfir því að eignast ekki barn; það var okkar markmið. Og jafnvel börn. En það gerðist ekki,“ segir eiginmaður hennar, Gunnar Árnason. „Það var svo sem engin trygging fyrir því, en það var heldur ekki fyrirstaða sjáanleg í þessu ferli, það áttu ekki að vera neinar sérstakar hindranir í því. Það var ekki hægt að koma auga á það þarna í upphafi, en þetta gerðist ekki hjá okkur.

ÞAÐ VAR LÍKA HAFT Á ORÐI AÐ ÞETTA HEFÐI VERIÐ BROT Á LÖGUM.

Við vorum grunlaus um að nokkuð hefði farið úrskaiðis í þessu ferli allan þennan tíma, þangað til ég lenti í mjög undarlegu atviki í miðborginni 17. desember síðastliðinn. Þetta er eins og einhver lygasaga. Ég var staddur á Kárastignum rétt fyrir jól og ætlaði að fara inn á kaffihús og þá vatt sér að mér úti á götu manneskja, sem ég hef hvorki séð fyrr né síðar, og það er varla hægt að kalla þetta samtali; ég hef margoft farið yfir þetta í huganum. Þetta voru kannski tvær mínútur sem viðkomandi staldraði þarna við og virtist vita það eða hafa upplýsingar um það að við fórum í svona tækni-frjógvunarmeðferð hjá Art Medica. Þau orð sem voru viðhöfð um þetta þarna úti á götu voru á þá leið að þetta hefði ekki farið fram eins og við reiknuðum með; þessi meðferð okkar. Það var líka haft á orði að þetta hefði verið brot á lögum; það sem gerðist hefði verið í ósamræmi við lög og síðan var lagt

Útskýringar á hugtökum

Eggheimta
Eftir að eggjastokkar konu hafa verið örvaðir með hormónum yfir ákveðið tímabil sækir læknir egg sem eru orðin nægilega þroskuð í eggjastokkana. Meðan á aðgerðinni stendur er sjúklingur tjáð hve mörg egg nást úr eggjastokkum. Þau eru síðan geymd við kjöraðstæður þar til frjógvun á sér stað.

Glasafrjógvun
Bæði egg og sæðfrumur eru meðhöndlaðar utan líkamans. Hægt er að nota bæði ferskt eða frosið sæði til frjógvunar. Ef nota á ferskt sæði skilar maki, eða annar aðili ef það á við, sýni sem bestu sæðfrumurnar eru sóttar í.

hart að okkur af þessum aðila að rifja þessi atvik upp eins og frekast væri kostur, frá a til ö. Og svo var bara við-komandi farinn. Eins og ég segi – þetta var ekki samtali. Ég hef farið yfir þetta í huganum og ég held ég hafi ekki sagt eitt einasta orð.“

Ráku upp stór augu
Gunnar segir að það hafi ekki verið skýrar vísbendingar sem hann fékk þennan desemberdag. „Við tókum þessu ekki mjög alvarlega satt best að segja þarna í upphafi; við vorum að fara inn í jólin og töldum að þetta væri bólvuð vitleysa og jafnvel verið að hrekka okkur eitthvað í okkar barn-leysi – að smyrja þessu framan í okkur rétt fyrir jól 12-13 árum seinna. Engu að síður sat þetta í okkur og við fórum að rýna í þetta mál og rifja upp atvikin eins og lagt var til að við gerðum. Þetta leiddi til þess að það komu í ljós eitt af öðru atriði sem var full ástæða til að skoða nánar. Þetta stigmagnaðist skref fyrir skref inn í janúarmánuð og svo framvegis.“

VIÐ MUNDUM SÉRSTAKLEGA EFTIR EINU PARI OG FÓRUM AÐ SKOÐA ÞAÐ NÁNAR.

Hvað kom í ljós?

„Við mundum eftir samferðafólki á þes-um tíma. Við vorum margoft og en-durtekið í þessum meðferðum og fólk samferða okkur á þeim tíma eins og gengur og við mundum eftir sumum en öðrum ekki. Við mundum sérstaklega eftir einu pari og fórum að skoða það nánar. Það fóru að renna á okkur tvær grímur og við ákváðum að leita ráðgjafar hjá erlendum aðilum, sem var mikið gæfuspor á þessum tímavunti, en við leituðum um áramótin til er-lendra aðila í heilbrigðisgeiranum og eins lögmanna sem eru, eftir því sem við komumst næst, sérhæfðir í svona heilbrigðismálum og jafnvel sérhæfðir í svona tækni­frjógvunarmálum. Auðvitað héldu þeir það sama og við, eftir þen-nan uppljóstrara í desember, sem er að það væri kannski ekki tilefni til að blása mikið í lúðra, ekki strax, og við skyldum nú fara varlega í það. En það fyrsta sem þeir sögðu við okkur var að

það væri rétt að skoða sjúk­raskrár hjá þessu tækni­frjógvunar­fyrirtæki, Art Medica. Við vorum svo einföld á þeim tímavunti að við vorum ekki farin að hugleiða að það væru einhverjar sjúk­raskrár þar og höfðum þær að sjálfsögðu ekki undir höndum heldur. En við óskuðum eftir því samkvæmt ráð­leggingum þessara aðila og fengum þær afhentar tiltölulega fljótt; á annað hundrað blaðsíður frá Livio eins og fyrirtækið heitir í dag. Hvorugt okkar er heilbrigðis­menntað; ég er viðskipta­menntaður og Hlédís er arkitekt. En það breytir því ekki að við gátum rýnt í þetta sem leikmenn og rákum strax augun í að það var ýmislegt þarna sem þurfti að spyrja nánar út í, til að mynda það sem Hlédís minntist á hér áðan. Við sáum til dæmis í þessari skrá að það var þessi yf­ir­gengilega eggheimta. 50 egg. Það þykir mikið. Við erum búin að fá „response“ á það frá þessum erlendu aðilum í heilbrigðisgeiranum og þessum lögmönnum, sem hafa farið í gegnum svona mál á erlendri grundu, og þeir ráku upp stór augu þegar þeir sáu þessar tölur. Svo var það þetta bókhald; þetta blessaða bókhald þeirra sem var ekki mjög vel fært til bókar og bara stemmdi ekki. Eins og Hlédís sagði áðan: 19 fósturvísar hverra afdrif eru óljós.“

Um 30 manns skoðuðu sjúk­raskrána
Hlédís segir að þegar þau voru komin í þessa stöðu þá hafi þau farið að leita allra leiða til þess að finna eitthvað, einhvern rökstuðning; eitthvað sem rökstyddi að eitthvað hefði gerst.

„Það sem okkur datt í hug í samráði við þessa erlendu sérfræðinga, var að skoða sjúk­raskýrslur frá Landspítalanum háskólasjúkrahúsi samhliða þessum sjúk­raskrá­m til að athuga hvort það væru einhverjar vísbendingar þar. Okkur brá mjög mikið við uppgötvanir okkar.“

Í LJÓS KOMU UM 200 HEIMSÓKNIR INN Á SJÚKRASKRÁ HLÉDÍSAR.

Gunnar bendir á að sjúk­raskrár séu geymdar hjá Landspítalanum og séu aðgengilegar þeim sem gera grein fyrir sér. „Það hafði reyndar atvikast þannig

að við höfðum óskað eftir þessum sjúk­raskrá­m spítalans á fyrri stigum; það var bara út af umræðu í þjóðfélag­inu um að það væri jafnvel verið að misnota þessar skrár og við höfðum engan grun um að eitthvað væri í ólagi með þessa meðferð okkar hjá Art Medi-ca á þeim tíma. Við náðum að tosa þes-sar sjúk­raskrár út úr spítalanum seint og um síðir, eins og maður segir; það var einhver tregða augljóslega við að afhenda okkur þær og við settum þetta í geymslu hjá okkur í lok árs 2015. Við gerðum eina fyrirsurn á grundvelli þess sem barst okkur í desember og það stakk í augu aðili sem hafði aldrei sinnt okkur; sérfræðilæknir sem var þar að auki merktur deild sem við höfðum aldrei komið nálægt, og þetta vakti athygli okkar. Það var líknardeild.“

Í ljós komu um 200 heimsóknir inn á sjúk­raskrá Hlédísar. Á meðal þeirra sem hafa skoðað sjúk­raskrá hennar er nemi í Ungverjalandi sem skoðaði hana um 200 sinnum á fjórum dögum. Hlédís segist aldrei hafa fengið tilkynningu um að það væri verið að skoða sjúk­raskrá hennar. „Það eru lög um sjúk­raskrár og lög­in eru mjög ströng og það eru hörð viðurlög við brotum á þessum lögum. Það mega einungis læknar, sem eru læknar viðkomandi, fara inn í skrár. Engir utanaðkomandi.“

Hlédís segir að þau hjónin séu með rökstuddan grun að um 30 manns hafi skoðað sjúk­raskrá hennar og sem tengjast þessu máli; hvarfi fósturvísanna.

„Við fengum óljósa ábendingu nýlega um að hugsanlega hefði, ef þetta er svona, eitt barnið veikst og það hefði verið ástæða þessarar hrinu.“

Halda hjónin að fósturvísarnir hafi farið annað? Að önnur eða aðrar konur hafi gengið með þá og fætt börn?

ÞAÐ ER RÖKSTUDDUR GRUNUR NÚNA UM AÐ ÞAÐ HAFI ORÐIÐ TIL BÖRN, OKKAR BÖRN, ÚR ÞESSUM FÓSTURVÍSUM SEM GUFUÐU UPP Í MEÐFERÐINNI.

Gunnar segir að í kjölfar þessarar eftirfylgni þeirra og gagnaöflunar á fimmta mánuð, en þess má geta að þau hafa verið með aðstoðarmenn í þessu og ráðgjafa, þá hafi þau fengið

gögn frá þriðja aðila sem eru þess eðlis að þau eru óvefengjanleg og hægt að leggja þau fyrir dóm. „Þetta eru sönnunargögn í fyrsta flokki. Það er rökstuddur grunur núna um að það hafi orðið til börn, okkar börn, úr þessum fósturvís­um sem gufuðu upp í meðferðinni og engin viðhlítandi skýring hefur fengist á.“

Gunnar segir að þau hafi ekki komist til botns í þessu sjúk­raskrá­máli á spítala-num. „En það sem blasir við okkur er að læknanemar, sem við getum tengt við ákveðna aðila með því að grandskoða þetta, hafa í miklum mæli farið inn í sjúk­raskrá Hlédísar með mjög afdráttar-lausum hætti og langt umfram það sem læknar sem hafa sinnt okkur eru að gera. Og svo það sé á hreinu þá hefur þetta fólk sem gerði þetta í janúar 2015 aldrei sinnt okkur sem læknar.“

Er þetta klárt sakamáli?

„Þetta er brot á sjúk­raskrárlögum.“

Tvö börn?

Hjónin hafa grun um að tveir fósturvísar hafi farið annað; að aðrar konur hafi gengið með og fætt börn.

„Við erum með rökstuddan grun vegna þessara gagna,“ segir Hlédís og nefnir sjúk­raskrá­málið og sjúk­raskrá sína í Art Medica, „sem segja ekki alla söguna, ásamt fundi sem við höfum átt með þeim þar sem þeir geta ekki útskýrt þetta. Þarna er kominn rökstuddur grunur um allavega tvö börn sem teng-jast inn í þessa sjúk­raskrá; það þarf að rannsaka hvort þetta hafi gerst.“

Og það er enginn sem hefur orðið við því enn þá?

„Við erum búin að senda bréf og biðla til fólks um að vinna þetta mál með okkur, bæði fyrir okkur, fyrir þau og ekki síst fyrir börnin.“

VIÐ VITUM HVERJIR ERU FORSJÁRAÐILAR.

„Við erum búin að staðsetja þessi tvö tilvik í hús,“ segir Gunnar. „Við vitum hverjir eru forsjáradilar. Samkvæmt ráð­leggingum ráðgjafa okkar þá

beindum við erindum til þeirra í trúnaði og óskuðum eftir að höfð yrði samvinna um að gerð yrði rannsókn með viðurkenndri rannsóknaraðferð, sem er DNA-rannsókn. Við teljum nú orðið fullreynt að það verði samvinna um það; viðbrögðin voru bara þannig.“

Hlédís segir að þeim hafi verið hótað að haft yrði samband við lögregluna.

Getur þetta gerst á litla Íslandi? Þetta er eins og í vísindaskáldsögu.


„Þetta er eins og í skáldsögu,“ segir Hlédís, „og óneitanlega höfum við farið allan hringinn í vangaveiltum um hvernig svona gæti hafa gerst, ef þetta er tilfellið. Svona hefur gerst í útlön-dum, en það sem við finnum um það er að það hafi óvart vixlast þannig að eitt barn fór á einn stað og annað barn fór á annan stað og í einu tilfellinu upp-götvaðist svona af því að annað parið var af svörtum uppruna, þannig að það var augljóst þegar börnin fæddust að eitthvað hafði gerst. En að svona komi fyrir okkur á Íslandi, tvisvar sinnum með sjö mánaða millibili, og að það séu tengsl á milli aðilanna sem eru þá hinum megin borðs og tækni-frjógvunarstöðvarinnar; það er vissu-lega óþægileg hugsun. Óþægileg staða.“

Hjónin eru spurð hvort þau sjái fyrir sér að þetta hafi verið skipulagt.

„Það verða mistök í heilbrigðisgeira-num,“ segir Gunnar, „og það eru ekki miklar líkur á að þetta gerist einu sinni í svona tækni­frjógvunarstöð sem er ekki með meiri umsvif en þetta. En það getur vissulega gerst. En að það gerist tvisvar og við séum fórnarlambið í bæði skiptin á tiltölulega skömmum tíma; eins og einhver sagði þá væri líklegra að við fengjum loftstein í hausinn næst þegar við fórum út úr húsi. Það eru stjarnfræðilega litlar líkur á að það hendi, en ef það er skipulagt og einhver ásetningur í gangi þá getum við auðvitað lent í þessu oftar en einu sinni og oftar en tvisvar. Það gefur auga leið. Við getum ekki varist þeirri hugsun að þetta stafi af einhverju slíku.“

Förgun fósturvísa

Ef fósturvísur er fargað meðan á meðferð stendur, til að mynda vegna lélegra gæða, eiga sjúklingar að vera upplýstir og með-vitaðir um gang mála.



Myndin sýnir fósturvísi á mismunandi stigum ræktunar (D=dagar). Mynd/Livio.is



Hlédís segir að það sem sé virkilega óþægilegt tengist Landspítalanum; sjúkrahúsið sé allt annað „identity“ en Art Medica sem komi að þessu máli „til hliðar“ og virðist hafa einhverja vitneskju. „Virðist“, segi ég af því að við erum með þannig gögn. En ekkert er sannað fyrr en það er sannað.“ Hún talar um starfsmenn sem virðist hafa vitneskju og séu einbeittir í því að fela málið „eða jafnvel opna aðgang að skýrslunum mínum fyrir annað fólk, en fela þetta hræðilega mál fyrir okkur með því að afhenda okkur röng gögn þegar við báðum um sjúkraskýrslur; gögn sem var búið að eiga við: Fela aðila, taka út aðila og nefna nema og lækna.“

ÞAR ERU ALLIR SÉRFRÆÐILÆKNAR OG ÝMIS NÖFN SEM FINNAST EKKI Í ÞJÓÐSKRÁ, SEM OKKUR FANNST VERA SVOLÍTIÐ SKRÝTIÐ.

Hlédís segir að fyrsta skýrslan sem þau fengu hafi verið upp á nokkrar síður. „Þar eru allir sérfræðilæknar og ýmis nöfn sem finnast ekki í Þjóðskrá, sem okkur fannst vera svolítið skrýtið. En engu að síður gerðum við eina athugasemd við þá skýrslu og það var þetta líknardeildarmál sem okkur fannst vera skrýtið. En þegar við endanlega mörgum árum seinna fengum skýrsluna í réttu formati þá opnaðist box Pandóru og þar voru öll þessi nöfn sem var búið að taka út úr fyrri skýrslunni og raunveruleg staða á fólki.“

Þeir sem áður voru kallaðir „læknar“ eru namar í raunveruleikanum?

„Já,“ segir Hlédís.

„Þetta er býsna alvarlegt mál, þetta sjúkraskrármál eitt og sér,“ segir Gunnar.

10 notaðir af 29

Hlédís segir að þeim hafi verið hótað að haft yrði samband við lögregluna eftir að þau sýndu áhuga á að gerð yrði DNA-rannsókn á umræddum börnum.

„Í okkar huga er aðalatriðið að börnin fái rétt „identity“. Í barnalögunum segir í 1. málsgrein að réttur barns sé að vita uppruna sinn. Það er númer eitt, tvö og þrjú og þeir sem setja fótinn fyrir þar, eru að brjóta á börnunum. Þannig að hvað sem verður í framhaldinu, þá er réttur barns til að vita uppruna sinn í forgangi.“

ÞAÐ SEM ER LÍKA ÓÞÆGILEGT Í ÞESSU ER AÐ BÁÐAR ÞESSAR FJÖLSKYLDUR TENGJAST TÆKNIFRJÓVGUNARMIÐSTÖÐ- INNI VINA- OG FJÖLSKYLDUBÖNDUM.

Hvernig viðbrögð fá hjónin? eru ekki einhverjir sem segja að þau séu bara klikkuð?

„Jú, við höfum verið kölluð nöfnum,“ segir Hlédís.

„Það hafa verið viðbrögð úr innsta hring,“ segir Gunnar. „Viðbrögð þeirra sem standa börnunum næst bera keim af einhvers konar óryggi. Okkur er sagt að þetta séu dæmigerð viðbrögð einhvers sem er óruggur um sína stöðu. Auðvitað er þetta stórt mál og erfitt mál að melta, en við höfum beitt mildustu aðferðinni. Okkur var ráðlagt að gera það. Byrja á því. Það er alltaf hægt að herða róðurinn. Og við gerðum það. Eins og Dís sagði þá gerðum við vart við okkur með bréfi til þessara aðila, sem fara með forsjá barnanna í dag. Og við að sjálfsögðu tengdum þessa aðila ekkert saman; við litum á þetta og gerðum þá sem tvö sjálfstæð mál í meðförum þessarar tæknifrjógungunarstöðvar. En síðan hefur komið í ljós, sem er sláandi ofan á allt annað, að það virðist vera samráð eða samtali á milli þessara aðila; það er að segja annars vegar með barn eitt og barn tvö. Fólk veit af hvert öðru.“ Gun-

nar segir að annað barnið sé 11 ára og verði 12 ára síðar á þessu ári. „Þannig að þetta eru orðin svona gömul börn. Frá 2010 og 2011,“ segir Gunnar.

„Það sem er líka óþægilegt í þessu er að báðar þessar fjölskyldur tengjast tæknifrjógungunarmiðstöðinni vina- og fjölskylduböndum. Framkvæmdastjóranum,“ segir Hlédís. „Eins og einhver lögmaður orðaði það, þá er það býsna óheppilegt en staðreynd engu að síður,“ segir Gunnar, „að núverandi aðaleigandi herna heima í tæknifrjógungunarfyrirtækinu er tengdur báðum þessum málum hvoru á sinn hátt, sem leiðir til þess að hann er ekki í stöðu til að fjalla um þetta.“

ÞEIR ERU BÚNIR AÐ FÁ SÉR LÖGMANN OG SEGJA AÐ HÉR EFTIR VERÐI ÖLL SAMSKIPTI Í GEGNUM LÖGMANN.

Hlédís segir að vegna þessa hafi þau haft samband við móðurfyrirtækið í Svíþjóð. „Þeir eru náttúrlega órjúfalegur partur af þessu máli og varðandi öll slík mál sem hafa gerst erlendis þá taka tæknifrjógungunarmiðstöðvar þátt í því að ná hinu rétta fram. Þannig að maður hefði haldið að það yrði í forgangi hér líka, en annað hefur nú komið í ljós. Við höfðum sem sagt samband við móðurfyrirtækið og þeir eru búnir að fá sér lögmann og segja að hér eftir verði öll samskipti í gegnum lögmann. Íslenskan lögmann.“

Gunnar segir að næstu skref í málinu séu að leita úrræða sem taka við. „Við reyndum þessa mildu aðferð, eins og ég sagði, og það er augljóslega ekki að ganga.“

Hlédís segir að þau hafi sent tvær spurningar ásamt lýsingu á málinu. Annars vegar hvers vegna svona margir fósturvísar hafi verið búnir til og hins vegar hvað hafi orðið um þá. „Við þessu fáum við engin svör.“

Uppflettingar í sjúkraskrá einstaklinga

Samkvæmt framburði og gögnum þeirra Gunnars og Hlédísar hefur uppfletting í sjúkraskrá þeirra verið umtalsverð. Þar er um að ræða þúsundir uppflettinga sem margar hverjar eru framkvæmdar af heilbrigðisstarfsfólki sem að þeirra sögn hefur aldrei annast þau - til að mynda koma fram uppflettingar starfsmanna á ýmsum deildum Landspítala. Ber þar meðal annars að nefna aðila sem starfa við öldrunarlækningar, við lungnalækningar og á líknardeild.

Þar er til dæmis um að ræða lækna, hjúkrunarfræðinga, læknanema og hjúkrunarfræðinema.

Skýr lög og reglur gilda um sjúkraskrár. Um það er fjallað í lögum um sjúkraskrár (nr. 55/2009) og reglugerð um sjúkraskrár (nr. 550/2015). Í 22. grein laga um sjúkraskrár er fjallað um eftirlit með sjúkraskrár.

Í stuttu máli er engum heimilt að fara inn í sjúkraskrár einstaklinga nema þeim sem sannarlega annast viðkomandi aðila á heilbrigðisstofnun eða koma að meðferð hans með einhverjum hætti. Viðkomandi heilbrigðisstarfsmaður þarf að geta fært á það sönnur að hafa átt erindi inn í sjúkraskrá þess einstaklings sem um ræðir.

Öll notkun sjúkraskráa er skráð á sjálfvirkan hátt og er rekjanleg til hvers einstaklings sem opnar sjúkraskrána. Allir einstaklingar hafa rétt á að óska eftir lista yfir uppflettingar í sjúkraskrá sinni.

Áður hafa fallið úrskurðir Persónuverndar um óheimila uppflettingu í sjúkraskrá kvartenda.

Blaðamaður Mannlífs hafði samband við embætti landlæknis og bað um svör við nokkrum spurningum er varða uppflettingar í sjúkraskrár.

Hver ber ábyrgð á eftirliti með uppflettingum í sjúkraskrár einstaklinga?

Ábyrgðar- og umsjónaraðili sjúkraskráa skulu hafa virkt eftirlit með því að framfylgt sé ákvæðum laganna. Ábyrgðaraðili sjúkraskráa er heilbrigðisstofnun eða starfstofa heilbrigðisstarfsmanns þar sem sjúkraskrár eru færðar. Umsjónaraðili sjúkraskráa er lækni, eða annar heilbrigðisstarfsmaður sé lækni ekki til að dreifa, sem ábyrgðaraðili hefur falið eftirlit með og sjá um að skráning og meðferð sjúkraskrárupplýsinga sé í samræmi við ákvæði laga. Landlæknir hefur eftirlit með því að ákvæði laganna séu virt. Persónuvernd hefur eftirlit með öryggi og vinnslu persónuupplýsinga í sjúkraskrár í samræmi við ákvæði laga um persónuvernd og vinnslu persónuupplýsinga.

Mega læknanemar fara inn í sjúkraskrár einstaklinga?

Skv. 1. mgr. 13. gr. laga um sjúkraskrár þá getur læknanemur verið heimilt að fara inn í sjúkraskrá sjúklings ef það er nauðsynlegt vegna starfa þeirra í þágu sjúklingsins og þeir hafa undirgengist trúnaðar- og þagnarskyldu, en í ákvæðinu segir eftirfarandi:

„Heilbrigðisstarfsmenn sem koma að meðferð sjúklings og þurfa á sjúkraskrárupplýsingum hans að halda vegna meðferðarinnar skulu hafa aðgang að sjúkraskrá sjúklingsins með þeim takmörkunum sem leiðir af ákvæðum laga þessara og reglum settum samkvæmt þeim. Umsjónaraðili sjúkraskráa getur veitt öðrum starfsmönnum og nemum í starfsnámi í heilbrigðisvísindum, sem undirgengist hafa sambærilega trúnaðar- og þagnarskyldu og heilbrigðisstarfsmenn og koma að meðferð sjúklings, heimild til aðgangs að sjúkraskrá hans að því marki sem nauðsynlegt er vegna starfa þeirra í þágu sjúklingsins.“

Hvernig horfir það við landlækni ef ótal óviðkomandi aðilar hafa farið inn í sjúkraskrá einstaklings; aðilar sem hafa

ekki annast viðkomandi einstakling á nokkurn hátt eða unnið á deildum sem hann hefur fengið umönnun á?

Það sem hér er lýst er með öllu óheimilt að gera. Embætti landlæknis tekur öll slík mál sem því berast alvarlega; rannsakar þau og beitir viðurlögum í samræmi við lög nr. 41/2007 eftir því sem við á um alvarleika brota.

Hvernig er eftirliti Landlæknis með Livio (áður Art Medica) háttað?

Livio hefur fengið leyfi heilbrigðisráðherra til að starfa. Um eftirlit Landlæknis með heilbrigðisþjónustu fer skv. lögum um Landlækni og lýðheilsu nr. 41/2007. Eftirlit getur verið að frumkvæði embættisins eða í tengslum við mál sem upp kunna að koma.

Þykir Landlækni ástæða til að rannsaka mál, ef upp kemur að mun fleiri fósturvísar hafi orðið til við tæknifrjógungun en pari hafði upprunalega verið greint frá í sínu ferli? Enn fremur, ef fyrirtæki fullyrðir að fósturvísunum hafi líklega verið fargað - án þess að parið hafi verið látið vita af því á sínum tíma?

Í lögum um tæknifrjógungun nr. 55/1996 og reglugerð um tæknifrjógungun nr. 144/2009 er fjallað um geymslu fósturvísa. Ef slíkt mál myndi berast embættinu yrði það skoðað með tilliti til þess hvort farið hafi verið að gildandi lögum og reglum. Embættið tekur ætíð alvarlega ef lögum og reglum er ekki fylgt við veitingu heilbrigðisþjónustu.

Hvernig myndu meint tilfelli horfinna eða týndra fósturvísa horfa við Landlækni?

Ef slíkt mál bærast embættinu yrði það rannsakað til að finna á því skýringar og með tilliti til gildandi laga og reglna áður en landlæknir færi að tjá sig um slíkt.

ÚTFARARSTOFA ÍSLANDS
SÍÐAN 1996



Sverrir Einarsson

**ALÚÐ • VIRÐING
TRAUST • REYNSLA**

Símar allan sólarhringinn:
581 3300 & 896 8242

www.utforin.is

Komum heim til aðstandenda og ræðum skipulag útfarar ef óskað er.

19 fósturvísar sem hurfu.

„Það urðu til 29 fósturvísar á tveimur árum og við notuðum 10 í okkar meðferð. Lög um fósturvísar eru þannig að þeim er haldið í fyrsti í fimm ár og eftir það fá eigendurnir, foreldrnir, bréf og þurfa að samþykkja að þeim verði þá fargað af því að þá sé virknin ekki eins. Það er stranglega bannað samkvæmt lögum að tæknifrjóvgunarmiðstöð eða þeir sem geyma fósturvísar láti þá fara, nema það sé skrifað rækilega undir slíkt af foreldrunum eða eigendunum.“

Hlédís segir að þau Gunnar hafi aldrei fengið slíka tilkynningu.

Svo var haldinn fundur í febrúar hjá Livio. „Fyrst vildi hann ekki svara neinu, en síðan var ákveðið að hafa fund og þar fór hann munnlega yfir útskýringar og hans svör við þessu voru að það hefði öllu verið hent. Það er Snorri Einarsson, sem er framkvæmdastjóri Livio Reykjavík. Þannig að hann velur að segja að öllu hafi verið hent, en þar með er hann að viðurkenna lögbrot ef það hefur gerst. Hvað sem gerðist þá er rökstuddur grunur og byggt á þessum rökstudda grun þá þarf þessi rannsókn að fara fram.“

OKKUR FINNST VERA MJÖG MIKIL LÍKINDI MEÐ OKKUR OG OKKAR FJÖLSKYLDU.

Hjónin hafa séð myndir af börnunum tveimur. Erú einhver líkindi með þeim

og hjónunum?

Hlédís segir að sjúkraskýrslurnar á Landspítalanum leiði þau að þessum tveimur börnum. Hún nefnir líka tímalínuna. „Þetta gerðist allt í samræmi við tímamann þegar fósturvísar okkar urðu til.“ Níu mánuðum síðar fæddist annað barnið og hinn sjö mánuðum eftir það. „Það er búið að taka eiginlega allar myndir af þeim sem voru á samfélagsmiðlum, en þær sýndu þessi börn á mismunandi aldursskeiði og okkur finnst vera mjög mikil líkindi með okkur og okkar fjölskyldu og meira að segja svo mikil að í einu tilfelli ruglaðist stjúpsonur minn, drengurinn hans Gunnars, á mynd af drengnum og sjálfum sér. Hann hélt að þetta væri mynd af sér. Við sýndum honum. Og ég sé líkindi með fjölskyldu minni; foreldrum þegar þau voru ung, sjálfri mig og svo framvegis. Við áttum okkur á því að myndir eru þriðja flokks sönnunargögn og allir sjá eitthvað einhvers staðar, en það þarf ekki að reynast rétt. En engu að síður er þetta vísbending.“

Samráð sín á milli

Eitt kvöld í mars kom bréf frá Livio inn um bréfalúgu hjónanna. Gunnar hefur orðið. „Það var bara keyrt heim að dyrum með sendli. Við hraðlásu það og settum í bunkann. Kvöldið eftir mætti sendillinn aftur og gerði tilraun til að taka bréfið til baka. Hann

vildi skoða það og gaf enga vitræna skýringu á því. Það kom ekki til greina af okkar hálfu að láta bréfið af hendi. Við svo búið fór hann, en við lúslásu bréfið eftir þessa heimsókn og þá kom í ljós að það var verið að segja okkur þarna frá málefnum sem varða fólkið sem er með börnin; tengt þeirra meðferðum. Báðum þorum. Það var staðfest í bréfinu sem var mjög sláandi að sjá á prenti að þau eru að hafa samráð sín á milli. Þau vita af hvert öðru og eru að ræða saman og eru að koma sameiginlega fram gagnvart tæknifrjóvgunarfyrirtækinu,“ segir Gunnar.

„Hann segir að í aðdraganda þessa bréfs þá hafi annað parið haft samband og vísar í það að þau séu búin að vera í samtali við hitt parið,“ segir Hlédís. „Það er góð spurning, hvernig þau vita af hvert öðru og eru að ræða saman um þessi mál,“ segir Gunnar. „Annaðhvort er það leki frá einhverjum sem veit um málið,“ segir Hlédís, „eða að þau hafa vitað af hvert öðru allan tímann, sem er mjög óþægileg tilhugsun og við vonum bara að það sé ekki þannig.“

ÞÁ VORU ÞAR AÐ VERKI AÐILAR SEM ERU BLÓÐSKYLDIR FJÖLSKYLDUM BÆÐI BARNIS EITT OG BARNIS TVÖ.

Gunnar segir að þegar sjúkraskrárnar á Landspítalanum hafi verið misnotaðar í janúar 2015 þá hafi börnin verið þriggja og fjögurra ára. „Við sjáum þess glögg merki í því innbroti – við köllum þetta innbrot í sjúkraskrárnar, sem þet-

HEIMAKYNNNINGAR

fyrir
öll

LOSTI

losti@losti.is



ta var – þá voru þar að verki aðilar sem eru blóðskyldir fjölskyldum bæði barns eitt og barns tvö. Fótspor þeirra eru alveg greinileg í þessu innbroti. Þannig að það er eins og þau hafi verið að afla sér upplýsinga úr sjúkraskráum okkar fyrir bæði börnin. Þetta er gríðarlega „dokumenterað“ í þessari skrá og sérfræðingar segja að það sé engin leið að eyða henni og hún er „hard core evidence“ ef í þarf að grípa. Það er hægt að leggja hana fyrir dóm eins og hún kemur út úr kerfinu; skepnum. Og þetta er mjög vel útlitað línu fyrir línu. Klukkustund fyrir klukkustund og mínútu fyrir mínútu hvernig er verið að fara inn í sjúkraskrár viðkomandi aðila og það er nafn viðkomandi, stöðuheiti, deild og svo framvegis. Það getur enginn velkst í vafa um það, þegar þessi gögn eru skoðuð hvað átti sér þar stað. Það er engin leið að mótmæla því.“

DNA-rannsókn

Hlédís segir að þau Gunnar hafi furðað sig á því hvað þau standa í þessu ein, en bætir við að reyndar hafi ráðgjafar þeirra erlendis verið mjög hjálplegir og að fyrir það verði þau eilíflega þakklát. „Við fáum alls staðar samúð, en enginn er tilbúinn til að stíga skrefið til þess að eiga frumkvæði í neinu eins og til dæmis landlæknir sem hefur verið afskaplega hlý. Við höfum fundað með henni og oft talað við hana út af þessu máli. En þau eru ekki að taka neitt frumkvæði.“ Hlédís segir að þau hafi sent bréf til aðila sem eru tengdir þessum málum og sem brutust inn í sjúkraskrárnar og hafa tveir haft samband og vilja ræða málið. „Við erum að bíða eftir svörum frá öðrum.“

Gunnar segir að þau hafi valið hluta af þeim sem skoðuðu sjúkraskrárnar og að það séu aðilar sem þeim finnst vera rétt að útskýri sitt mál. „Þeir hafa enn þá frest til að bregðast við,“ segir hann og vonast hjónin til að þetta varpi ljósi á hvað hafi verið í gangi á þessum tíma. „En varðandi þetta sem Dísar var að segja, varðandi landlækni; við höfum auðvitað ekki gengið í gegnum svona áður og okkur finnst eins og það sé komið fram fullt tilefni til þess að taka frumkvæði og skoða þetta ofan í kjölinn. Við erum bara venjulegt fólk sem var að reyna að eignast barn.“

ÞAÐ VAR BARA MÜGUR OG MARGMENNI AÐ VAÐA UM Á SKITUGUM SKÓNUM INNI Í SJÚKRASKRÁNUM MÍNUM.

Hlédís segir að þau fari eftir laganna bókstaf, þar sem segir að innbrot í sjúkraskrá verði kærð til lögreglu og

Persónuverndar. „Mér liði illa með að gera það ekki, af því að þegar svona gerist með svona hrikalegum hætti eins og barna; það var bara múgur og margmenni að vaða um á skitugum skónum inni í sjúkraskránum mínum. Þetta á ekki að geta gerst. Við verðum að gera eitthvað í því til að hindra að aðrir lendi í svona í framtíðinni. Þetta þarf að taka alvarlega. En eins og ég segi, með þeim formála þó að velferð þessara barna er fyrir okkur númer eitt, tvö og þrjú og ef þetta fólk kemur og útskýrir sitt mál og varpar þannig meira ljósi á það sem við erum að glíma við, þá munum við kannski endurskoða það að kæra til lögreglunnar. Við munum skoða þetta allt í samhengi.“

Hverjar eru ýtrustu kröfur hjónanna, ef það kemur á daginn að þetta hafi verið þeirra fósturvisar sem úr urðu börn?

Gunnar segir að þau taki þetta skref fyrir skref. „Við erum fólk sem getur horfst í augu við niðurstöðu úr svona rannsókn þegar hún á endanum kemur, og hún gerir það; við trúum því að þetta verði rannsakað. Það eru einhverjar líkur á að okkur geti skjáttast, en eins og þetta horfir við okkur í dag þá eru yfirgnæfandi líkur á því að við höfum rétt fyrir okkur, en við þurfum eins og aðrir að bíða eftir því að fá niðurstöður úr óvængjanlegri rannsókn, sem er DNA-rannsókn. Við horfum þá kannski fram á tvær leiðir; það gæti orðið vandræðalegt móment fyrir okkur ef það kæmi í ljós að þetta er einhver vitleysa í okkur. Við verðum bara að lifa með því. Svo er það hin niðurstaðan, sem við teljum nú að verði ofan á; þá þarf auðvitað að vinna úr því á mjög skipulegan og fagmannlegan hátt. Það er ekki eins og það sé verið að taka frá manni einhverja lausafjarmuni. Þetta eru einstaklingar og orðnir svona gamlir, þannig að þetta þarf allt að gerast í skipulegu og úthugsuðu ferli.“

ALLT SEM ER GERT GAGNVART ÞESSUM BÖRNUM SKAL VERA MEÐ HAGSMUNI ÞEIRRA Í HUGA.

Hjónin eru þá tilbúin að mæta því ef niðurstaðan verður sú að það hafi ekki verið fósturvisar þeirra sem urðu að þessum tveimur börnum?

„Já,“ segir Hlédís. „Það hurfu 19 og það þarf að skoða það með þessu fyrirtæki. Þannig að ég vona að hann og þeir séu reiðubúin til að ræða við okkur um það á vitrænum nótum. Síðan eru það þessi innbrot í sjúkraskýrsluna; það þarf að skoðast sem sérmál. Ef þetta eru ekki okkar börn þá geta allir sofið rólega. En ef þetta eru okkar börn þá

þarf að ræða það með hagsmuni þeirra í huga. Þannig að allt sem er gert gagnvart þessum börnum skal vera með hagsmuni þeirra í huga.“

Alvöru sönnunargögn

Þetta er búin að vera andleg rússíbanareið. „Eftir því sem gögnin hrönnuðust upp og þessi gögn sem byggja undir þennan rökstudda grun, þá líður manni sífellt verr, af því að þetta verður alltaf átakanlegra,“ segir Hlédís. „Og það að geta ekki fengið þessa niðurstöðu bak við lokuð tjöld, er mjög erfitt af því að við erum svolítið „exposed“ að tala við fólk; lýsa þessu og reyna að komast áfram með þetta mál, af því að við getum náttúrlega ekki hörfað frá því. Þannig að við þurfum að halda áfram. Að vissu leyti er það léttir að koma hér og ræða um þetta.“

Á HEILDINA LITIÐ HEFUR OKKUR LIÐIÐ ILLA.

„Ég held að ég geti sagt fyrir okkur bæði að okkur er búið að líða mjög illa með þetta alveg frá því í desember,“ segir Gunnar. „Það koma vissulega betri dagar inn á milli, en á heildina litið hefur okkur liðið illa. Ég er ekki viss um að við séum í kollinum búin að ná almennilega utan um hversu yfirgengilega undarlegt það er að vera í þessari stöðu eða að vera sett í þessa stöðu. Það væri kannski frekar einfaldning-slegt af okkar hálfu að ætla það, þegar vantar útskýringar á svona mörgum fósturvisum að þetta einskorðist við þessi tvö. Þetta gætu verið þrjú, fjögur eða fimm. Þú skilur hvað ég er að hugsa.“ Gunnar talar um sjúkraskrár þeirra á Landspítalanum sem fjöldi óviðkomandi skoðaði. „Við höfum velt fyrir okkur; af hverju við? Af hverju erum við að lenda í þessu? Erum við eitthvað sérstaklega hentug til undaneldis? Við höfum ekki litið þannig á það. Umfangið á þessu er þannig að við erum bara að ströggla við að skilja þetta dag frá degi.“

Gunnar segir að þau leggi ekki árar í bát. „Þetta er aðeins meiri brekka en við reiknuðum með og það var viðbúið. En við erum að horfast í augu við það núna að við þurfum að fara með þetta fyrir dómstól og það er úrræði sem er í boði; að fá úrskurð dómstóls um að rannsókn, sem við erum búin að krefjast að fari fram, fari fram. Og við erum reiðubúin að leggja fram þessi gögn frá þriðja aðila; þetta eru alvöru sönnunargögn.“



„Að það sé eitthvað vafasamt á seyði er bara fjarstæðukennt“



Blaðamaður Mannlífs hafði samband við Snorra Einarsson vegna frásagnar hjónanna. Snorri er framkvæmdastjóri, yfirlæknir og einn af stofnendum Livio Reykjavík. Livio Reykjavík opnaði árið 2016, en starfsemin var áður rekin á sömu kennitölu undir nafninu Art Medica. Snorri kom ekki að stofnun Art Medica heldur hóf hann þar störf löngu síðar, árið 2013.

Snorri er fæðinga- og kvensjúkdómalæknir sem hefur starfað á sviði ófrjósemislæknina síðan árið 2006.

Snorri gat augljóslega ekki rætt einstök mál við blaðamann, vegna þess trúnaðar sem ríkir milli lækna og sjúklunga. Hann gat því ekki staðfest fundi eða önnur samskipti við þau Gunnar og Hlédís. Hann féllst hins vegar á að ræða almenn mál út frá skálduðum dæmum blaðamanns.

Aðspurður hverjar skyldur stofnana sem

þessarar séu þegar kemur að upplýsingagjöf til para í tæknifrjögungar meðferðum, til að mynda um fjölda eggja sem náðust með goo

eggheimtum og fjölda þeirra fósturvísa sem urðu til, segir Snorri allt slíkt fært í sjúkraskrá. „Sjúkraskráin er samkvæmt lögum eign sjúklings. Það á að vera gegnsætt og ljóst þeim sem eru í meðferð hjá okkur. Þær upplýsingar eiga að vera aðgengilegar og eru það, þeim sem vilja það og fá aðgang að þeim upplýsingum, eins og fólk óskar eftir. Og fá skýringar á þeim. Það er bara sjálfsögð og eðlileg meðferð þeirra upplýsinga og fullur réttur og eðlileg krafa sjúklunga.“

Sjúklingar upplýstir um stöðu á fósturvísu

Blaðamaður spyr Snorra hvað sé gert ef ákveðinn fjöldi fósturvísa verði til, en hluti þeirra þyki síðan í framhaldinu ekki lífvæn-

legir; það er ekki líklegir til þess að verða að barni. Hvort þeim fósturvísu sé þá strax fargað.

„Já. Og sjúklingurinn upplýstur um það að þeir hafi ekki verið lífvænlegir og þess vegna ekki geymdir.“

Samkvæmt Snorra er ferlið því þannig að ef til að mynda 10 fósturvísar verða til, en seinna kemur í ljós að 6 þeirra þykja ekki lífvænlegir, eru foreldrar upplýstir um það. „Þá er það sagt að fjórir hafi verið lífvænlegir og hægt að nýta, en ekki hinir.“

Snorri útskýrir að fósturvísar skiptist í flokka eftir því hversu lífvænlegir þeir séu. „Því miður þá bara frjógast ekki öll egg og ekki verða öll egg sem frjógast að góðum fósturvísu sem geta orðið að þungun eða barni. Þá eru þeir fósturvísar ekki geymdir.“

ÚTFARARSTOFA ÍSLANDS

SÍÐAN 1996



Sverrir Einarsson


ALÚÐ • VIRÐING TRAUST • REYNSLA

Símar allan sólarhringinn:
581 3300 & 896 8242
www.utforin.is

Komum heim til aðstandenda og ræðum skipulag útfarar ef óskað er.

Viltu hætta að reykja?

Þú velur bragðið...



nicorette
gerðu eitthvað magnað

Reyna að greiða úr málum allra

Þegar Snorri er spurður út í tilfelli þar sem þar vill meina að þeim hafi ekki verið sagt satt og rétt frá fjölda bæði eggja og fósturvísu þegar þau voru í meðferð á sínum tíma, og meiningar þeirra um horfna fósturvísu, ítrekar Snorri að honum sé ekki heimilt að ræða málefni einstakra sjúklinga.

„Það sem ég get aftur á móti sagt er að auðvitað reynum við að greiða úr málum allra þeirra sem til okkar leita og útskýra mál sem er kannski ekkert endilega auðvelt að skilja sem leikmaður. Auðvitað reynum við að verða við því. Það er bara, eins og ég sagði áðan, eðlilegur réttur og eðlileg krafa fólks að skilja í hverju meðferð þeirra hefur falist og hvernig hlutir hafa farið. Við reynum það bara af fremsta megni, að koma til móts við fólk og útskýra. Nú ef það næst ekki lending eða fólk telur að þeirra mál séu óuppgerð og óleyst, þá bendum við fólk á að leita þeirra leiða sem eru til staðar í kerfinu til þess að fá úr þeim skorið. Eins og til dæmis að fara með formlegar kvartanir til landlækniseimbættisins. Það auðvitað gerist að það þurfi að útkljá mál þar og sem betur fer þá leysist það nú oftast farsælega. Fólk skilur hvað fram hefur farið og hvernig hlutir hafa orðið eins og þeir hafa orðið.“

Snorri segir að það sé ekki alltaf auðvelt fyrir almenna leikmenn að skilja gögn úr sjúkraskrár en varða tæknifrjógvunarmeðferðir. „Ef þú yrðir í þeirri stöðu að þessi grunur vaknaði þá myndi ég náttúrulega bara mæla með því að þú leitaðir þér skýringa og samtals hjá þeim sem veitti þér þjónustuna, til þess að reyna að skilja hvað fram hefur farið. Ég get alveg sagt það fullum fetum að slíkum umleitunum myndum við taka vel og reyna að setjast niður með fólk og skýra hvað fram hefur farið.“

Segir fósturvísu aldrei hafa týnst

Blaðamaður spyr Snorra því næst hvort það hafi gerst á stofnunni fyrir eða síðar að fósturvísar hafi horfið eða týnst.

„Aldrei nokkurn tíma. Við höfum aldrei lent í þessu, aldrei séð þetta eða heyrnt.“

Aðspurður hvernig það gæti hugsanlega orðið að fólk telji sig ekki hafa fengið réttar upplýsingar um fósturvísu og förgun þeirra, segir hann að ef fólk teldi að eitthvað annað hefði farið fram heldur en því hafi verið tjáð í meðferð sinni, þyki honum trúlegast að misbrestur hafi orðið í samskiptum og upplýsingum. „Frekar en í meðhöndlun frumanna og í meðferðinni. Eins og ég segi, þá getur eðlilega verið svolítill áskorun að skilja til fullnustu hvernig svona starfsemi fer fram, þegar maður er leikmaður.“

Snorri segir að það séu alltaf gögn í sjúkraskrár sjúklinga er varða allt það sem máli skiptir í meðferð þeirra, til að mynda fjölda fósturvísu og farganir. „Það er þannig. Ég get ekki alveg svarað fyrir nákvæmlega hvernig það hefur verið í fyrri starfsemi en ég tel að það ætti að vera hægt að lesa það út úr gögnunum. Í okkar sjúkraskrár og gagnavinnslu í dag er það mjög skýrt.“

Aðspurður segist Snorri ekki geta tjáð sig um það hvort slík mál hafi mögulega verið með öðrum hætti á meðan stofan starfaði undir öðrum stjórnendum sem Art Medica. „Ég veit ekki til annars en að það sé alveg skýrt hvernig meðhöndlun þessara frumna og fósturvísu hefur farið fram þar. Ég veit ekki annað.“

Þegar Snorri er spurður hvort ekkert eigi þá að geta horfið og engin gögn til sem renni stoðum undir slíkt svarar hann neitandi. „Ég hef enga ástæðu til að ætla neitt slíkt. Það er náttúrulega bara númer eitt, tvö og tíu í þessu að vinna af heiðarleika og gegnsæi að hagsmunum sjúklinganna. Ég efast ekki

um að allt starfsfólkið, bæði á Art Medica og auðvitað í dag, hafi ekkert annað að leiðarljósi en að gera það af heiðarleika og með hagsmuni okkar sjúklinga framur öllu. Að það sé eitthvað vafasamt á seyði er bara fjarstæðukennt.“

Þvertokur fyrir að hafa krafist þess að fá bréf til baka

Næst berst samtalið að bréfi sem hjónin fengu sent frá Snorra í mars, sem þau segja frá í viðtalinu. Hjónin halda því fram að nokkru eftir að bréfið barst hafi sendill snúið til baka og krafist þess að þau afhentu honum bréfið aftur. Þau lýsa því að sendillinn hafi verið nokkuð ágengur. Blaðamaður spyr Snorra hvort hann kannist við að hafa sent bréf sem hann hafi síðan kallað eftir að fá til baka.

„Ég veit ekkert um hvað þú ert að tala í þessu síðasta sem þú vísar til. Að einhver hafi verið að krefjast þess að fá aftur til baka einhver bréf sem við höfum verið að senda. Það er ekki sannleikanum samkvæmt. Það er ekki neitt sem við höfum verið að gera, það er bara ekki rétt. Ég get ekki svarað fyrir það hvað einhverjir sendlar úti í bæ eru að gera, ég hef ekki hugmynd um það, en að það sé runnið undan okkar rifjum er bara fjarstæðukennt.“

Segist aldrei hafa brotið trúnað

Blaðamaður spyr Snorra því næst hvort möguleiki sé á að hann hafi einhvern tíma brotið trúnað við sjúklinga með því að ræða um mál þeirra á einn eða annan hátt við annað fólk eða þör.

„Nei. Það hef ég ekki gert.“ Hann segir lög og reglur afar skýrar þegar kemur að slíku. „Og það er okkur mjög mikilvægt að fylgja þeim eins og eðlilegt og sjálfsgert er. Að gæta trúnaðar og virðingar við alla sjúklinga okkar og skjólstæðinga.“



Klæðskerasniðin þægindi

DUXIANA®

Ármúla 10 ☎ 568 9950 duxiana.is

Háþróaður svefnbúnaður



ÚTFARARSTOFA ÍSLANDS
SÍÐAN 1996



Sverrir Einarsson

ALÚÐ • VIRÐING
TRAUST • REYNSLA

Símar allan sólarhringinn:
581 3300 & 896 8242
www.utforin.is

Komum heim til aðstandenda og
ræðum skipulag útfarar ef óskað er.



Að trúa, eða ekki trúa – þarna er efinn

Yesterday, upon the stair,
I met a man who wasn't there
He wasn't there again today
I wish, I wish he'd go away ...

- Antigonish [I met a man who wasn't there]
(Hughes Mearns)

Til eru þeir sem verða að sjá til að trúa – ef eitthvað er ekki áþreifanlegt er það ekki til. Ég er ekki í þeim hópi og trúi að framliðnir eigi það til að villast inn í heim þeirra sem lifa, en ég hef ekki lagt það á mig að brjóta til mergjar ástæður flækings þeirra, orsakir eða tilgang. Til eru ótal frásagnir um heimsóknir framliðins fólks og eru þær jafn mis-trúverðugar og þær eru margar. Að þessu sögðu er vert að taka fram að traust mitt til svonefndra miðla er afar takmarkað. Sem dæmi get ég nefnt til sögunnar Þórhall miðil Guðmundsson. Sá sagði miðilshæfileikana meðfædda og haslaði sér völl á ljósvakamiðlum þar sem hann sá um skyggnilýsingar og hafði samband við framliðna í gríð og erg. Ég veit ekki hvað skal segja ... ég geri því skóna að til sé einhver alheimssmiður sem jafnvel hefur yfirsýn og umsjón með því sem á sér stað í veröldinni og öllum hennar viddum. Ef sú skoðun mín er rétt þá er mér til efs að viðkomandi hafi hugsað með sér, einn góðan veðurdag, að réttast væri að veita nokkrum lifandi einstaklingum þann hæfileika að verða

eins konar gátt milli heima eða vídda – og í beinu framhaldi hugsað sem svo að Þórhallur miðill væri besti kosturinn í þeim efnum. Allt að einu. Ég hef séð drauga og eru tvö skipti í þeim efnum sérstaklega eftirminnileg. Annað skiptið sem um ræðir átti sér stað á hóteli í höfuðborginni, þar sem ég vann í gestamóttöku. Ég var á næturvakt daginn þann og sat inni í eldhúsi þar sem ég þó gat haft auga með lobbíinu. Ég dundaði mér við að leggja kapal, sem aldrei gekk upp, og mér var litið upp og sá þá roskinn mann, gráhærðan, standa við gestamóttökuna og horfa á mig. Fötin hans voru gamaldags; jakki og buxur í brúnum lit og sýndist mér að hvort tveggja væri úr riffluðu flaueli. Maðurinn sagði ekki orð; stóð bara og horfði á mig. Ég vissi að hann var ekki gestur á hótelinu og ekki hafði hann komið að utan því útidyr hótelsins voru læstar. Eitt andartak horfðumst við í augu, en síðan leit ég snögg niður á spilin á borðinu, svona áður en ég stæði upp og kannaði um hvern væri að ræða og hvað hann

vanhagaði um. Þegar ég leit upp aftur, sekúndubroti síðar, var engan mann að sjá og engin heyrði ég hljóð sem gáfu til kynna tilvist hans. Þennan mann átti ég eftir að sjá aftur á umræddu hóteli, en aldrei áttum við í frekari samskiptum. Hitt skiptið átti sér stað í íbúð við Sundlaugaveg í Reykjavík, sem ég og einn bróðir minn leigðum saman á þeim tíma. Höfðum við þar hvor sitt herbergið og einnig var þar stofa og eldhús. Eina nótt þegar ég var í fastasvefni, vaknaði ég við að mér var strokið um vangann, blíðlega. Ég sneri höfði mínu á koddanum til að sjá hverju sætti, en þar var engan að sjá. Ég hugsaði með mér að mig hefði verið að dreyma og sneri mér til veggjar á ný. Vissi ég þá ekki fyrr en mér var strokið um vangann að nýju. Höndin var hrjúf en hlý og vangastrokurnar lýstu væntumþykju eða huggun. Ég fann ekki til ótta eða óþæginda, þannig séð, en hrærði mig hvergi. Um síðir sofnaði ég aftur og er ekki frá því að strokurnar hafi fylgt mér inn í draumalandið.



Aegisgardur

ALLT FYRIR VEISLUNA

Frábær veislusalur fyrir öll tækifæri
úti á Granda, staðsettur inn í
íslensku handverksbrugghúsi.
info@aegisgardur.is



Landstýra Myrka Íslands

Hlaðvarpið Myrka Ísland hefur rækilega slegið í gegn, enda um að ræða sagnfræðilega yfirferð um myrkari hluta íslandssögunnar sem er marineruð í einstökum húmor landstýrinnar Sigrúnar Elías-dóttur sagnfræðings. Sigrúnu til halds og trausts í þáttunum er Anna Dröfn Sigurjónsdóttir og saman töfra þær fram einhvern tón sem er alveg einstakur og aðeins þeirra. Það er upplifun að uppfraðast á sama tíma og maður frussar úr hlátri.

Við króuðum Sigrúnu af úti í horni og drógum upp stækunarglerið!

Fjölskylduhagir?

Einhleyp með tvo stráka og tvo ketti úti í sveit í Borgarfirði.

Menntun/atvinna?

Sagnfræðingur, rithöfundur, hlaðvarpari, og atvinnu niðursetningur á ríkinu.

Uppáhaldssjónvarpsefni?

Vikings, Office, Parks and Rec, Its Always Sunny, Rick and Morty, GOT, það er langur listi.

Leikari?

Leonardo Dicaprio, Jeff Bridges og Jennifer Lawrence.

Rithöfundur?

Það er klisja að segja Halldór Laxness en ég stend við það. Það er engin tilviljun að hann einn hefur fengið nóbélinn.

Bók eða bíó?

Bíó allan daginn. Les heldur ekki bækur nema einhver sé búinn að lesa hana fyrir mig að hlusta á

Besti matur?

Pass, trúi ekki á mat, hef beðið alla ævi eftir bólusetningu eða lækningu við þessu sífellda átí mannkyns.

Kók eða pepsí?

Kók með alvöru sykri, ekkert zero drasl.

Fallegasti staðurinn?

Alparnir.

Hvað er skemmtilegt?

Annað en ég? Að sitja undir teppi með kött og þrjóna yfir sjónvarpinu er góð skemmtun. En líka að fara á bar í stuttum kjól og tala við drukkið fólk.

Hvað er leiðinlegt?

Að finna upp á einhverju að hafa í matinn, veturinn, yfirvaraskegg, hlusta á fólk tala um íþróttir og bíla.

Hvaða flokkur?

Annað sem ég trúi ekki á eru stjórnmála-flokkar, fylgist ekki með þeim og þeir eru allir dauðir fyrir mér.

Hvaða skemmtistaður?

Held ég verði að segja Irish og Pablo Discobar

Kostir?

Fyndin, glaðlynd, auðvelt að gleðja mig, mjög almennileg sem verður til þess að börn elska mig, sem er óheppilegt því mér er hálf illa við þau. Er með sjálfs-öryggi á stærð við meðal konungshöll án þess þó að telja mig betri en aðra.

Lestir?

Óþolinmæði, stórlýndi en um leið viðkvæm eins og basil planta, er haldin hamfarahugsun, og ómældri hógværd. Og er óþililegt að mig dagdreymi um að skalla eða limlesta með kúbeini fólk sem er drullusokkar?

Hver er fyndinn?

Ég og Ryan Reynolds. Ótrúlegt að við séum ekki hjón.

Hver er leiðinlegur?

Fólk sem er miðaldra fyrir aldur fram, heldur að lífið sé peningar, horfir á alla fréttatíma og vaknar sjálfviljugt fyrir hádegi og gengur á fjöll.

Trúir þú á drauga?

Nei, en ég er samt hrædd við þá...

Stærsta augnablikið?

Ég man ekki hvað ég gerði í gær, þannig að í dag er ég full stolti yfir því að hafa borðað morgunmat og tekið töflurnar mínar

Mestu vonbrigðin?

Líf mitt hefur verið einn allsherjar dans á rósum, nema þegar Heiti Potturinn minn bilar. Það eru alltaf epísk vonbrigði.

Hver er draumurinn?

Hann er lífið sem ég þrá; frægð og heimsyfirráð. Ég myndi byggja glerikúpul yfir húsið mitt og nágrenni, svona Simpsons movie style, skella upp gróðurhúsaloömpum og lífa á sundlaugarbakkannum á bikiniinu innan um pálmatrén mín á sama tíma og ég horfi á skaflana í Skarðsheiðinni í fjarska. Ég myndi hafa nokkrar lóur og þresti með fyrir sönginn og fyrir kettina að æfa sig.

Mesta afrek sem þú hefur unnið á þessu ári?

Náði að fara tvisvar til sólarlanda á einum mánuði og er þar af leiðandi sjúklega brún og sæt þessa stundina.

Ertu búinn að ná öllum þínum markmiðum?

Hef ég náð heimsyfirráðum? Nei, ekki svo ég viti.

Manstu eftir einhverjum brandara?

Það er í rauninni brandari þegar einhver spyr mig "manstu ekki..." Því að nei, ég man ekki. Þú ert heppin ef ég man hvað þú heitir.

Vandræðalegasta augnablikið?

Mætti á dinner deit um daginn en gaurinn ekki. Sat samt bara sem fastast og át góðan indverskan mat.

Sorglegasta stundin?

Þegar dýrin manns deyja er það allra versta.

Mesta gleðin?

Að vera uppi á tímum þar sem læknavisindin gera mér kleyft að lífa skítsæmilegu lífi en ekki með legusár í kör í illa lyktandi baðstofu, þæfandi ull þegar ég væri með réttu ráði.

Mikilvægast í lífinu?

Geðheilsa mín, synir mínir tveir og litli bróðir þeirra Heiti Potturinn



Helgarpistill
Gunnhildur Kjærulff Birgisdóttir

Réttarhöld í beinni og óbragð í munni

Ég ætla ekki tala um réttarhöld Johnnys Depp og Amber Heard. Bara alls ekki. Ég ætla ekki að tala um þau. Ekki beinlínis, allavega.

Kannski smá, en það þjónar ákveðnum tilgangi. Tilgangurinn er ekki að taka afstöðu í málinu eða segja mína skoðun á framburði hvers málsaðila fyrir sig. Ég ætla ekki heldur að segja hvað mér þykir trúverðugt og hvað ekki, hvað sjokkerar mig og hvað vekur hjá mér óhug. Ég ætla ekki heldur að segja hvað mér finnst um þau Johnny Depp og Amber Heard, eins og þau koma fyrir sem persónur.

Mér hefði kannski dottið það í hug fyrir einhverjum vikum. Á þeim tíma þegar ég horfði flest kvöld á útdrátt atburða dagsins úr dómshal. Þegar ég las greinar um málið á helstu fréttamiðlum vestan frá, horfði á myndbönd af vitnisburðum á CourtTV og greiningar sálfræðinga, sérfræðinga í líkamstungumáli og lögmanna. Ég fylgdist grannt með málinu, eins og duglegum blaðamanni sæmir. Alveg þangað til ég fékk nóg.

Að vita eða ekki vita

Það gerðist eiginlega smám saman; ég fór að finna fyrir einhverju ógeðsbragði í munni- num í hvert sinn sem ég settist fyrir framan myndbönd af framburði vitna og málsaðila. Þegar ég bæði heyrði og las yfir ummæli beggja aðila í löngu liðnum rífrildum og átökum. Ég fékk endanlega nóg þegar ég hlustaði á grafískar lýsingar á kynferðislegu ofbeldi sem Heard segir Depp hafa beitt hana. Ég skrifaði heldur ekki neitt um málið, ekki neitt af viti allavega. Ég byrjaði oft; fór yfir ólíkan framburð sálfræðinganna tveggja þegar kemur að greiningum Heard, ólíkar lýsingar Depps og Heard af tilfelli afskorna puttans og myndbönd sem sýna Depp ganga berserksgang, vera óhuggulegan og fá sér um það bil lítra af víni í morgunmat. Ég fór yfir öll ógeðslegu orðin sem höfðu fallið á sínun tíma og voru spiluð aftur fyrir gjörvalla heimsbyggðina í dómshal. Og ég fékk bara endanlegt ógeð, á þessu öllu saman. Líklega allra mest á sjálfri mér, fyrir að eyða frítíma mínum í þessi ömurlegheit. Mannlegan harmleik ókunnugs fólks einhvers staðar úti í heimi.

Ekki misskilja mig, ég hef samúð með þeim sem verða fyrir hvers kyns ofbeldi og þetta fólk er engin undantekning. En ég veit ekki hvornig sambandi þeirra var háttað. Ég veit

ekki hver beitti hvern ofbeldi og ég veit ekki hver „byrjaði“. Ég veit ekki hver gerði hugsanlega uppreisn gegn ofbeldi hins og ég veit ekki hvort ofbeldið var algjörlega samstíga á báða bóga. Það að ég láti eins og ég viti það eða taki afstöðu samkvæmt eigin sannfæringu er fjarstæðukennt. Ef stefnan er sú að trú fólk sem segir sögu sína sem þolendur ofbeldis, þá hlýt ég að trú þeim báðum.

Það er hins vegar ýmislegt sem ég veit fyrir víst. Ég veit að andlegt ofbeldi getur verið lúmskt, ég veit að það er engin ein leið til þess að takast á við eða bregðast við kynferðisofbeldi og ég veit að neysla og fíknisjúkdómar geta rústað lífi og samböndum fólks, þar sem ekkert stendur eftir nema sviðin jörð.

Ég veit líka að það er ekki tegund okkar (homo sapiens) til framdráttar að horfa á harmleik, baráttu og sorgarsögu fólks eins og hverja aðra afþreyingu. Að skoða hverja æsilegu fyrisögnina á fætur annarri og kveða upp dóm okkar. Þarna er um að ræða enn einn kima einhvers konar sjúklegar neyslumenningar, sem við ættum eiginlega að skammast okkar fyrir. Ég skammast mín allavega.

Breyskleiki manneskjunnar og dáleitt samfélag

Ég horfði á myndband á dögnum þar sem svipaðar vangaveltur og staðhæfingar komu fram. Í myndbandinu var því sömuleiðis velt upp að hugsanlega væru þau atriði úr málinu sem kæmu verst við mann eða yllu manni hvað mestum óþægindum, einmitt þau atriði í eigin lífi sem þyrfti hvað helst að skoða og vinna í. Það kemur ágætlega heim og saman í mínum huga.

Það er þetta með að taka til í eigin garði... Þótt það sé vissulega mikilvægt að hugsa samfélagið sem heild og vinna að sameiginlegum markmiðum sem skipta máli, þá er okkur sannarlega nauðsynlegt að líta í eigin barm vel og reglulega. Manneskjur eru breyskar. Manneskjur verða fyrir áföllum sem þær læra ef til vill ekki að vinna úr og horfast ekki í augu við, sem getur haft skaðleg áhrif á líf þeirra seinna meir. Manneskjur gera líka ömurlega, óafsakanlega hluti. Við höfum líka byggt samfélag þar sem kerfis- og kynbundið ofbeldi þrífst, þar sem fólk keyrir sig í þrot á orku sem

það á ekki til, þar sem allir þurfa að áorka öllu og vera sem mest. Samfélag þar sem nánasti ferðafélagi okkar er lítið raftæki sem geymir alheiminn á tölvutæku formi, þar sem fólk þorir ekki að vera einlægt, opna á áföll, horfast í augu við sjálft sig og tala um tilfinningar sínar.

Alltaf að gera eitthvað og vera eitthvað. Við erum döpur og dáleidd. Við erum fíklar. Við erum hrædd.

Sjúkleg neyslumenning

Ég hafði alltaf hugsað neyslumenningu út frá því sem við borðum, klæðum okkur í, ferðumst um á og leggjum okkur til munns. Fjöldaframleiðslu með ódýru vinnuafli svo við getum keypt fatnað og hluti fyrir minna. Allt einnota, öllu fargað. En nú er ég búin að átta mig á því að neyslumenning er svo miklu stærra fyrirbæri. Ég vissi það kannski alveg, en nú skil ég það.

Neyslumenning er til dæmis fólgin í því að horfa á opin réttarhöld, sem er sjónvarpað út um gervalla veröld, þar sem viðkvæmustu, flóknustu og sársaukafyllstu mál tveggja aðila sem elskuðu hvort annað einu sinni, eins og um sjónvarpsþætti sé að ræða. Ekki bíómynd, við höfum auðvitað ekki þolinmæði í slíkt. Raunveruleikasjónvarp á öðru stigi. Og okkur finnst þetta eðlilegt.

Svo er fólkíð sem á í hlut rífið sundur og saman í fjölmíðlum og á samfélagsmiðlum. Meintir geðsjúkdómar notaðir sem vopn til þess að rýra trúverðugleika einstaklings, hinn er sagður geta sjálfum sér um kennt og gögnin því til stuðnings eru æsifréttir, fyrisagnir og slúður. Og við gleymum því, smátt og smátt, að þetta eru manneskjur. Alvöru manneskjur, með eigin tilfinningar, hugsanir, sorgir og þrár.

Það er hugsanlega einhvers konar markmið að geta fengið veður af þessu máli í framtíðinni og fundið fyrir litlu öðru en samúð.

Hver sem niðurstaðan í þessu verður, þá get ég ekki sagt að ég öfundi kviðdóminn.

Kannski á ég eftir að kíkja aftur á málið eftir einhverja daga eða vikur. Kannski mun ég skrifa um það. Jafnvel greina það. Hver veit? Það væri auðvitað í algjörrri þversögn við þennan pistil og þá uppljómun sem ég tel mig hafa orðið fyrir. En ég er bara manneskja.



BRANDSON

V Ö N D U ð
Í S L E N S K
H Ö N N U N
BRANDSON.IS

ÓSKASKRÍN GEFUR SVO MARGT



Glaðningur fyrir tvo, Rómantik á flottu hóteli, Dekurstund,
Gourmet á glæsilegum veitingastað, Bröns fyrir tvo
og Kósý kvöld eru meðal vinsælla Óskaskrína.

Gefðu upplifun í öskju.

Fæst í Pennanum Eymundsson, Hagkaup og á oskaskrin.is